



ÁRSSKÝRSLA



2013

ÍÞRÓTTA- OG
ÓLYMPÍUSAMBAND
ÍSLANDS

Sambandsaðilar ÍSÍ

Íþróttahéruð ÍSÍ



Héraðssambandið Hrafna-Flóki
 Héraðssamband Bolungarvíkur
 Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
 Héraðssambandið Skarphéðinn
 Héraðssamband Stradamanna
 ÍSÍ Vestfirðinga
 Héraðssamband Þingeyinga
 Íþróttabandalag Akraness
 Íþróttabandalag Akureyrar
 Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
 Íþróttabandalag Reykjanessbæjar
 Íþróttabandalag Reykjavíkur
 Íþróttabandalag Vestmannaeyja
 Íþróttabandalag Suðurnesja
 Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga
 Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands
 Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar
 Ungmennasamband Borgarfjarðar
 Ungmennasamband Eyjafjarðar
 Ungmennasamband Kjalarnessþings
 Ungmennasamband Skagafjarðar
 Ungmennasamband A-Húnavetninga
 Ungmennasambandið Úlfjótur
 Ungmennasamband V-Húnavetninga
 Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu

Sérsambönd ÍSÍ



Akstursíþróttasamband Ísland
 Badminton samband Ísland
 Blaksamband Íslands
 Borðtennissamband Íslands
 Dansíþróttasamband Íslands
 Fimleikasamband Íslands
 Frjálsíþróttasamband Íslands
 Glímusamband Íslands
 Gólf samband Íslands
 Handknattleikssamband Íslands
 Íshökkísamband Íslands
 Íþróttasamband fatlaðra
 Júðósamband Íslands
 Karatesamband Íslands
 Keilusamband Íslands
 Knattspyrnusamband Íslands
 Kraftlyftingasamband Íslands
 Körfuknattleikssamband Íslands
 Landsamband hestamannafélaga
 Lyftingasamband Íslands
 Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasamband Íslands
 Siglingasamband Íslands
 Skautasamband Íslands
 Skíðasamband Íslands
 Skotíþróttasamband Íslands
 Skyllingasamband Íslands
 Sundsamband Íslands
 Taekwondosamband Íslands
 Tennissamband Íslands

Efnisyfirlit

Erfiðir tímar að baki – horft til framtíðar	2	Norrænar skólaíþróttir	36
Gísli Halldórsson - minning	4	Samstarf við menntastofnanir	36
Framkvæmdastjórn ÍSÍ	6	Ánægjuvogin	37
Varastjórn ÍSÍ	9	Samstarfssamningur ÍSÍ og HÍ	37
Skrifstofa ÍSÍ	10	Afrekssjóður ÍSÍ – námskeið fyrir landsliðsþjálfara	38
Nefndir ÍSÍ	11	Útgáfumál	38
Sérsamböndum ÍSÍ fjölgar	11	Skólahreysti	38
Listi yfir viðurkenndar íþróttgreinar innan vébanda ÍSÍ	11	Ólympíudagurinn	39
Íþróttanefndir ÍSÍ	11	Barátta gegn munntóbaksnotkun	39
Laganefnd ÍSÍ	11	Áttavitinn	39
Formannafundur ÍSÍ	12	Fararstjóranámskeið	39
Dómsmál	12	Lífshlaupið	40
Heiðranir	13	Lífshlaup framhaldsskólanna, nýtt verkefni hjá almenningsíþróttasviði ÍSÍ	40
Heimsóknir	14	Einstaklingskeppni Lífshlaupsins í gangi allt árið	41
Samtök íslenskra ólympíufara - SÍÓ	16	Göngum í skólann	41
Minningarskjöldur afhjúpaður	17	Hjólað í vinnuna	42
Afmælisárið	17	Hjólað í skólann	43
100 ára afmælishátíð ÍSÍ	18	Kaffitjöld Hjólað í vinnuna	43
Heiðurshöll ÍSÍ	19	Hjólað í vinnuna hlýtur viðurkenningu	43
Afmælistengdir viðburðir	19	Samgönguhjólreiðar	43
Vilhjálmur Einarsson útnefndur fyrstur í Heiðurshöll ÍSÍ	20	Kvennahlaupið	44
Bjarni og Vala útnefnd í Heiðurshöll ÍSÍ	20	ÍSÍ og UMF Stjarnan í Garðabæ undirrituðu nýjan samstarfssamning um Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ	45
Myndasýning	21	Málþing um konur og íþróttir	45
Samstarf við Héraðsskjalasöfn á Íslandi	21	Stafganga	45
Sunnlendingar á Ólympíuleikum	21	Nefnd um íþróttir 60+	46
Ráðstefna um erlend samskipti	21	Norrænt samstarf	47
Afmælisgjafir	22	Ólympíusamhjalpin styrkir almenningsíþróttaverkefni	47
EOC fundaði í höfuðstöðvum ÍSÍ	22	Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa	47
Frímerki á afmælisári	22	Afreksbúðir	48
Íþróttabókin – stórglæsileg afmælisbók	23	Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ	48
Norrænn fundur íþróttasamtaka og ólympíunefnda	23	Ólympíusamhjalpin	49
Íþróttamiðstöðin í Laugardal	23	Liechtenstein 2011	50
Sjálfboðaliðavefur	24	Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Trabzon 2011	50
Fésbókarsíða ÍSÍ	24	Innsbruck 2012	51
Starfsskýrslur ÍSÍ	24	London 2012	51
Nýjar heimasíður	24	Luxembourg 2013	52
Netbókhald	24	Sochi 2014	52
Felix	25	Brasov 2013	52
Tölvukerfi Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal	25	Utrecht 2013	52
Lyfjaeftirlit ÍSÍ	26	Nanjing 2014	52
Lyfjapróf	26	Afreksstefnur sérsambanda	53
Íþróttamannvirki á Íslandi	27	EOC-ráðstefna	53
Heimasíður	27	Afreksstefna ÍSÍ	54
Íþróttamaður ársins	28	Norrænt samstarf í afreksíþróttum	54
Ferðasjóður íþróttafélaga	29	Ólympíulaufið	55
Getspá /Getraunir Bakhjarlar íþróttahreyfingarinnar	30	Samningur við Flugfélag Íslands	55
Ólympíufjölskylda ÍSÍ Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor	31	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2011	56
Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna	31	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2012	58
Afreksstyrkir ÍSÍ	32	Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands	
Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ	33	Ársreikningur 2012	61
Stuðningur við sérsambönd ÍSÍ	33		
Verkefnasjóður	33		
Alþjóða Ólympíuakademían	34		
Hádegisfundir ÍSÍ	34		
Þjálfaramenntun ÍSÍ	34		
Fyrirmyndarfélag ÍSÍ	35		
Ráðstefnur, málþing og fundir	35		
Þjálfaramenntun sérsambanda	35		
Forvarnardagurinn	36		



Ólafur E. Rafnsson, forseti ÍSÍ.

Erfiðir tímar að baki – horft til framtíðar

Ég leyfi mér að fylgja þessari árs-skýrslu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands úr hlaði með nokkrum orðum, en skýrsla þessi verður lögð fyrir sjötugasta og fyrsta Íþróttþing sem haldið verður dagana 19.-20. apríl 2013.

Að venju endurspeglast hið mikla umfang íslenskrar íþróttahreyfingar í skýrslunni, og hefur verið jafn og stöðugur vöxtur í starfseminni. Síðasta ár var jafnframt markað fjölbreyttum viðburðum í tilefni af 100 ára afmæli samtakanna, en þann 28. janúar 1912 var Íþróttasamband Íslands stofnað í Bárubúð við Vonarstræti, þar sem nú stendur Ráðhús Reykjavíkur, á umbrotatímum í íslensku samfélagi mitt á milli heima-stjórnar og fullveldis. Í tilefni afmælisins var afhjúpaður minningarskjöldur í fundarsal Borgarstjórnar er nefnist Bárubúð, og í framhaldi þess var haldinn hátíðarfundur stjórnar ÍSÍ að viðstöddum góðum gestum, þar á meðal forseta og framkvæmdastjóra Evrópsku Ólympíunefndanna

og tveimur heiðursforsetum ÍSÍ, þeim Gísla Halldórssyni og Ellerti B. Schram. Líklega hafði okkur vart órað fyrir því hversu verðmætt var að ná að hafa þessa tvo heiðursforseta okkar viðstadda í ljósi þess að hinn aldri höfðingi Gísli Halldórsson lést síðar á árinu 2012, kominn fast að tíræðisaldri. Enginn þeirra sem viðstaddur var hátíðarfund framkvæmdastjórnar á afmælisdaginn mun gleyma hnyttinni ræðu Gísla á fundinum. Blessuð sé minning hans. Undanfarin ár hafa á margan hátt verið íslensku samfélagi erfið, og hefur íþróttahreyfingin ekki farið varhluta af því. Frá því að bankakerfi landsins hrundi fyrir tæpum fimm árum síðan hefur efnahagsleg umgjörð íþróttastarfsemi á Íslandi verið afar óhagstæð. Helstu fjárhagsstoðir íþróttahreyfingarinnar ýmist hrundu eða löskuðust verulega. Stærstu fyrirtæki landsins, sem höfðu víða verið helstu bakhjarlar starfseminnar, drógu saman seglin umtalsvert – ef þau á annað borð lifðu

hremmingarnar af – sveitarfélög sem víða höfðu staðið myndarlega að uppbyggingu íþróttamannvirkja og niðurgreiðslu æfingagjalda yngstu iðkenda fóru víða í harkalegan niðurskurð með alvarlegum afleiðingum fyrir grasrótarstarfið – og síðast en ekki síst skall efnahagsástandið harkalega á fjölskyldum og heimilum landsins, sem mynda einn hornstein starfseminnar með greiðslu æfinga- og félagsgjalda auk hinnar umfangsmiklu sjálfbóðaliðastarfsemi. Önnur meginstoð fjárstreymis íþróttahreyfingarinnar, framlög ríkisvaldsins á fjárlögum, var auk þess skorin verulega niður í stað þess að koma á mótis við tekjutap og forsendubresti hreyfingarinnar. Þessu hefur íþróttahreyfingin mótmælt, og vakið athygli á því hvernig spilin höfðu verið gefin í samanburði við sambærilegar ríkisrekna stofnanir. Jafnvel samningar sem gerðir höfðu verið við ríkisvaldið á árunum 2006-2007 voru ekki efndir. Framlög til Afrekssjóðs ÍSÍ – sem segja má að

hafi brunnið inni í hruninu, orðin innan við helmingur að raungildi frá því síðasti samningur var gerður – voru jafnframt skorin niður. Til að bæta svo gráu ofan á svart hefur kostnaður íþróttahreyfingarinnar aukist verulega í formi verðlagsþróunar, óhagstæðrar gengisþróunar og skattahækkana, svo segja má að mál hafi þróast á slæman veg í ytri efnahagslegri umgjörð íþróttahreyfingarinnar undanfarin ár. Íþróttastarfsemi á Íslandi hefur ekki fjárhagslegan ágóða að markmiði, en hinsvegar er nauðsynlegt tekjustreymi grundvöllur þess að unnt sé að halda úti lágmarksstarfsemi til að ná þeim íþróttalegu markmiðum sem hreyfingin sannarlega hefur. Óvíska í samfélaginu er farið með opinbert fé af jafn mikilli ábyrgð og innan íþróttahreyfingarinnar, og líklega er hvergi að finna jafn mikil margföldunarhrif opinberra framlaga – hvort heldur er í formi umfangsmikillar sjálfbóðaliðastarfsemi eða sparnaðaráhrif félags- og heilbrigðiskerfis. Fyrir liggja rannsóknir sem rökstyðja þjóðhagslega hagkvæmni skipulagðrar íþróttastarfsemi. Það má segja að íþróttahreyfingin sé með óskum um opinber framlög að fara fram á grunnkostnað til að geta staðið fyrir hinni endurgjaldslausu samfélagsstarfsemi sem raun ber vitni. Íþróttahreyfingin er þakklát fyrir hverja krónu sem ríki og sveitarfélög ráðstafa til starfseminnar, en það er okkar hlutverk að færa fram

rök fyrir aukningu þeirra framlaga í þágu íslensks samfélags til okkar kjörnu fulltrúa sem fara með opinbert fjárveitingavald. Rétt er að taka fram að ekki hefur allt verið alvont í samskiptum okkar við ríkisvaldið. Samskipti við mennta- og menningarmálaráðherra hafa verið góð, og fleiri fundir haldnir en dæmi voru um áður, þótt ekki hafi allar óskir og kröfur íþróttahreyfingarinnar verið uppfylltar. Kynnt var til sögunnar á kjörtímabilinu Íþróttastefna ríkisins – sem þrátt fyrir forsendubresti við nauðsynleg fjárfrahlög til að framfylgja henni felur í sér skynsamleg og góð markmið sem íþróttahreyfingin hefur tekið heilshugar undir. Svo öllu sé haldið til haga voru gerðar nokkrar úrbætur í fjárlögum ársins 2013 varðandi hækkun á fjárfrahlögum – en miklu meira þarf til. Það verður að segjast eins og er að æðruleysi þeirra sem í hreyfingunni starfa hefur í þessum erfiðu aðstæðum verið aðdúunarvert, og hvernig allir hafa lagst á eitt til þess að nýta sem best þau úrræði sem til staðar eru. Skaðinn kann vissulega að koma fram síðar þegar í ljós kunna að koma skörð sem hoggin hafa verið í langtímauppbyggingu afreka – og fjöldi efnilegra einstaklinga sem kann að hafa hrökklast frá iðkun íþróttar af fjárhagslegum ástæðum – en sárast er að hugsa til þess að í þeim hópi kunni að vera mögulegir verðlaunahafar á alþjóð-

legum vettvangi sem við munum aldrei fá að vita hvort hefðu orðið að raunverulegum sigursögum. Það er umhugsunarefni að niðurskurður framlaga til íþróttar- og afreksstarfs komi ekki að fullu fram fyrr en árum síðar – á næsta eða þarnaesta kjörtímabili – þegar þeir sem tóku slíkar ákvarðanir þurfa ekki að horfast í augu við afleiðingarnar. En það er ekki ástæða til að dvelja um of í fortíðinni – nú er tilefni til að líta til framtíðar. Við verðum að nýta sem best þau úrræði sem okkur standa til boða, hvort heldur um er að ræða beina fjármuni eða störf sjálfbóðaliða. Félaglega er hreyfingin sterk og einhuga, og nýlegar rannsóknir hinnar s.k. Ánægjuvogar gefa sterkar vísbendingar um að íþróttafélög innan vébanda ÍSÍ séu að höfða vel til sinna félagsmanna og standa undir væntingum við þá samfélagslegu þjónustu sem hreyfingin veitir. Það er okkar skylda að byggja ofan á þessi gæði eins og kostur er. Í gegnum fyrirmyndarfélagskerfi ÍSÍ hefur skapast góður grunnur til framtíðaruppbyggingar. ÍSÍ hefur jafnframt verið að þróa skráningu sjálfbóðaliðastarfseminnar, og að bjóða upp á möguleika þess að íþróttahreyfingin geti gert betur grein fyrir þeim mannauði sjálfbóðaliðastarfs sem í hreyfingunni starfar með „efnahagsreikningi mannauðs“, sem í senn getur sýnt fram á samfélagslegt umfang starfseminnar og gefið tæki til þess að umbuna og

hvetja okkar sjálfbóðaliða. Þá auðlegð og „eiginfjárstöðu“ getur ekkert efnahagshrun eða niðurskurður af okkur tekið.

Þessi kraftur íþróttahreyfingarinnar hefur leitt til þess að eftirsóknarvert hefur talist að vera innan vébanda starfseminnar, og nýjar íþróttagreinar – viðurkenndar sem óviðurkenndar – sækja það fast að njóta skjóls íþróttahreyfingarinnar í sínum störfum. Þetta eru meðmæli með starfseminni og sýnir að við erum á réttri leið.

Ekki verður skilið við umfjöllun um starfsemina án þess að minnst á

sívaðandi þátt almenningsíþróttanna innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Þótt stundum virðist erfitt að skilja hvernig almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ nái að vaxa um tugi eða hundruð prósentu ár eftir ár þá endurspeglar það einfaldlega þá staðreynd að verkefnið hafi slegið í gegn hjá þjóðinni – og að fyrirtæki og einstaklingar hafi af mikilli gleði tekið í útrétta hönd ÍSÍ og hrifist með skemmtilegri hreyfingu og hóflegri keppni. Lífshlaupið, Göngum í skólann, Hjólað í vinnuna, Kvannahlaupið og önnur sambærileg verkefni eru orðin að sameiginlegu

þjóðaráttaki í heilbrigðri hreyfingu og hollum lífsstíl.

Um leið og ég þakka öllum ráðnum og kjörnum fulltrúum íþróttahreyfingarinnar fyrir frábært samstarf þá vona ég að meðfylgjandi skýrsla veiti ykkur öllum innsýn í það góða og mikilvæga starf sem það fólk er að inna af hendi – á hverjum einasta degi.

Ólafur E. Rafnsson,
forseti ÍSÍ

Gísli Halldórsson - minning

Gísli Halldórsson arkitekt og Heiðursforseti ÍSÍ lést á Hjúkrunarheimilinu Eir að kvöldi mánudags 8. október síðastliðins, 98 ára að aldri.

Ferill Gísla í íþróttahreyfingunni á Íslandi var einstakur. Í starfi sínu sem arkitekt teiknaði hann fjölmörg félagsheimili og íþróttamannvirki, m.a. íþróttaleikvanginn í Laugardal og Laugardalshöllina. Gísli var lengi borgarfulltrúi og var forseti borgarstjórnar um fjögurra ára skeið. Hann var einnig formaður í stjórn íþróttavallanna í Reykjavík 1958-1961 og formaður Íþróttaráðs 1961-1974. Gísli starfaði um árabil fyrir Knattspyrnufélag Reykjavíkur og var formaður bygginganefndar KR í tæp 30 ár. Hann var í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur frá stofnun þess 1944 til ársins 1962, þar af formaður í 13 ár. Forseti Íþróttasambands Íslands var hann árin 1962-1980 og átti sæti í Ólympíunefnd Íslands 1951-1994, þar af formaður í 22 ár.

Gísli hlaut fjölmargar viðurkenningar, bæði á vettvangi íþróttanna og vettvangi annarra félagasamtaka.



Hann var m.a. Heiðursforseti ÍSÍ frá 1994, heiðursfélagi í KR frá 1974 og heiðursfélagi í Arkitektafélagi Íslands frá 2002. Gísli var einnig vel þekktur á alþjóðavettvangi íþróttanna og þar mikils metinn. Hann hlaut Heiðursorðu Alþjóðaólympíunefndarinnar árið 1983, Heiðursorðu Ólympíu-

nefndar Litháens árið 1991 og Gullorðu Heimssambands ólympíunefnda árið 2002. Gísli hlaut riddarakross fálkaorðunnar árið 1963 og stórriddarakross fálkaorðunnar árið 1974.

Eiginkona Gísla var Margrét Halldórsdóttir. Margrét lést árið 1987. Sonur þeirra er Leifur Gíslason byggingarfræðingur.

Kveðja frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands

Það er ávallt sárt þegar símtal með tilkynningu um andlát berst. Þótt Gísli Halldórsson hafi staðið nærri tíræðu þegar hann féll frá þá verður hans saknað af íslenskri íþróttahreyfingu. Hann var heiðursforseti ÍSÍ, og hafði á sínum ferli gegnt stöðu forseta Íþróttasambands Íslands í 18 ár frá 1962-1980, og formanns Ólympíunefndar Íslands í 22 ár frá 1972-1994 eftir rúmlega fjögurra áratuga setu í nefndinni, auk ótal annarra trúnaðarstarfa

hérlandis sem erlendis sem útilokað er að útlista í stuttri grein. Ævisaga Gísla Halldórssonar var samvinnuð aldarsögu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi, og ef til vill táknrænt að hann falli frá á 100 ára afmælisári samtakanna sem hann unni svo mikið og þjónaði svo dyggilega. Þakklæti okkar til Gísla Halldórssonar verður vart með orðum lýst.

Viðburðarrík saga ÍSÍ í 100 ár hefur aðeins að geyma fimm fyrrum forseta samtakanna. Það var því stór stund fyrir forystu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi þegar tveir þeirra gátu mætt á afmælisdegi samtakanna í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur í janúar síðastliðinn, og tekið þar þátt í athöfn við afhjúpun minnisskjaldar um stofnun ÍSÍ á þeim stað 100 árum áður, og setið í kjölfarið hátíðarfund með framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og erlendum gestum frá Samtökum Evrópskra Ólympíunefnda. Sá fundur verður öllum sem hann sátu ógleymanlegur fyrir hnyttna og leiftrandi ræðu Gísla Halldórssonar.

Það eru forréttindi að hafa fengið að kynnast Gísla Halldórssyni persónulega, og líklega er öllum okkar sem á eftir koma hollt að fræðast um lífshlaup frumherja sem einkennst hefur af slíkum dugnaði og ósérhlífni. Hann var afkastamikill og farsæll í starfi sínu sem virtur arkitekt, og hannaði ýmsar þekktar byggingar hér á landi þar á meðal þekktustu íþróttamannvirki landsins. Hann sinnti trúnaðarstörfum sem borgarfulltrúi og forseti borgarstjórnar í Reykjavík. Eftir hann liggja jafnframt merkileg ritverk sem meðal annars hafa átt ríkan þátt í að varðveita sögu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.



En ekki síst verður Gísla minnst fyrir ákaflega háttvísa framkomu og hversu auðveldlega honum tókst að leysa mál og sætta málsaðila í umfangsmiklum og krefjandi viðfangsefnum íþróttahreyfingarinnar. Hann var sannur leiðtogi, og hafði ávallt heiðarlega hagsmuni íþróttahreyfingarinnar að leiðarljósi. Gísli naut ennfremur mikillar virðingar erlendis, og enn spyrja forystumenn íþróttamála erlendis um Gísla Halldórsson – þótt meira en þrjú áratugir séu síðan hann lét af embætti forseta ÍSÍ.

Fyrir hönd stjórnar og starfsfólks Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands – og fyrir hönd allra félaga í íþróttahreyfingunni á Íslandi – færi ég fjölskyldu og aðstandendum Gísla Halldórssonar dýpstu samúðarkveðjur. Blessuð sé minning Gísla Halldórssonar.

Ólafur E. Rafnsson,
forseti ÍSÍ





Ólafur E. Rafnsson.



Lárus Blöndal.



Gunnar Bragason.



Helga Steinunn Guðmundsdóttir.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 70. Íþróttþingi ÍSÍ, sem haldið var í Gullhömrum Grafarholti dagana 8.-9. apríl 2011, voru eftirtaldir kjörnir í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar skipti stjórnin með sér verkum á þann hátt að Lárus Blöndal var skipaður í embætti varaforseta, Gunnar Bragason í embætti gjaldkera og Helga Steinunn Guðmundsdóttir í embætti ritara.

Forseti ÍSÍ

Ólafur E. Rafnsson er fæddur 1963. Ólafur er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og sjálfstætt starfandi lögmaður frá árinu 1990. Hann sat í stjórn Körfuknattleikssambands Íslands 1990-2006, þar af formaður síðustu 10 árin. Ólafur var kjörinn forseti Íþrotta- og Ólympíusambands Íslands árið 2006. Ólafur hefur gegnt embætti forseta FIBA Europe, Körfuknattleikssambands Evrópu, frá því í maí árið 2010. Íþróttalegur bakgrunnur: Körfuknattleikur, einnig handknattleikur, knattspyrna og golf.

Varaforseti ÍSÍ

Lárus Blöndal er fæddur 1961. Lárus er hæstaréttarlögmaður og rekur eigin lögfræðistofu. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002, skipaður ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ árið 2004 og varaforseti ÍSÍ árið 2006. Lárus er núverandi formaður Laganefndar ÍSÍ. Hann hefur einnig verið formaður Afreks-sjóðs ÍSÍ og setið í Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Lárus leiddi undirbúningsvinnu að sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands í Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands. Lárus er fyrrverandi formaður Umf. Stjórnunnar í Garðabæ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og badminton.

Gjaldkeri ÍSÍ

Gunnar Bragason er fæddur 1961. Gunnar er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem framkvæmdastjóri Gamar Holding. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002

og skipaður af framkvæmdastjórn sem gjaldkeri ÍSÍ árið 2004. Hann er einnig formaður Fjármálaráðs ÍSÍ. Gunnar var forseti Golfsambands Íslands frá 1999-2001. Íþróttalegur bakgrunnur: Golf

Ritari ÍSÍ

Helga Steinunn Guðmundsdóttir er fædd 1953. Helga er menntuð sem uppeldisráðgjafi (barnevernpedagog) frá Noregi. Hún var kosin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2006. Helga er formaður Ferðasjóðs Íþrottafélaga og sat í stjórn Fræðslusviðs ÍSÍ. Hún hefur einnig leitt ýmsa vinnuhópa ÍSÍ og verið formaður Skólaíþróttanefndar ÍSÍ. Helga átti sæti í aðalstjórn og stjórn knattspyrnudeildar KA og var formaður félagsins í 7 ár.

Hafsteinn Pálsson er fæddur 1952. Hafsteinn er menntaður byggingarverkfræðingur og starfar sem slíkur hjá umhverfisráðuneytinu. Hann var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið



Hafsteinn Pálsson.



Helga H. Magnúsdóttir.



Friðrik Einarsson.



Örn Andrésson.

1992 og hefur sinnt ýmsum ábyrgðarstörfum hjá sambandinu sem ritari ÍSÍ, formaður Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, Taekwondonefndar ÍSÍ og nú síðast sem formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og formaður Heiðursráðs ÍSÍ. Hafsteinn er fyrrverandi formaður Ungmennasambands Kjalarnefndar og knattspyrnudeildar Umf. Aftureldingar og átti einnig sæti í aðalstjórn og stjórn sunddeildar Umf. Aftureldingar og í stjórn UMFÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.

Helga H. Magnúsdóttir er fædd 1948.

Helga starfar sem verktaki. Hún var kjörin í varastjórn ÍSÍ árið 1996 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1997. Helga hefur starfað í fjölmörgum nefndum og ráðum innan ÍSÍ, m.a. í Barna- og unglinganefnd ÍSÍ, Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ, stjórn Afrekssviðs ÍSÍ og Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ. Hún var formaður Heilbrigðisráðs ÍSÍ og situr í stjórn Afrekssjóðs og Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Helga sat einnig í stjórn Handknattleikssambands Íslands í 8 ár, bæði sem stjórnarmaður og gjaldkeri. Helga sat í Mótanefnd Handknattleikssambands Evrópu (EHF) frá árinu 2000-2012 og var hún fyrsta konan sem kosin var til embættisstarfa hjá EHF. Hún var kjörin í framkvæmdastjórn EHF árið 2012, fyrst kvenna.

Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur.

Friðrik Einarsson er fæddur 1968.

Friðrik var kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2006. Hann er formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Friðrik starfaði sem framkvæmdastjóri knattspyrnufélagsins Leifturs á árunum 1990-1994 og sem framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands 1994-1996. Friðrik sat í ýmsum nefndum fyrir Skíðasamband Íslands og var kjörin í stjórn sambandsins árið 2000. Hann var formaður Skíðasambands Íslands árin 2002-2006. Frá árinu 2005 hefur hann einnig starfað í foreldraráðum

og sinnt smærri verkefnum fyrir Umf. Stjórnuna í Garðabæ.

Íþróttalegur bakgrunnur: Gönguskíði og knattspyrna.

Örn Andrésson er fæddur 1951.

Hann rekur eigið fjárfestingarfélag. Örn var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996. Hann er formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, formaður Tölvu- og samskiptanefndar ÍSÍ og formaður Afmælisnefndar ÍSÍ. Hann hefur einnig setið í Afrekssviði ÍSÍ og sinnt ýmsum verkefnum innan sambandsins. Örn hefur setið samfellt í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur í 21 ár en hann var einnig formaður badmintondeildar Víkings í 4 ár og formaður Borðtennissambands Íslands.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálsíþróttir og badminton.

Sigríður Jónsdóttir er fædd 1954.

Hún er efnafræðingur með doktorspróf frá Háskólanum í Hamborg í Þýskalandi og starfar á Raunvísinda-



Sigríður Jónsdóttir.



Jón Gestur Viggósson.



Ingibjörg Bergros Jóhannesdóttir.

stofnun Háskólans. Sigríður var varaforseti ÍSí frá 1997-2006. Hún sat í stjórn Badminton sambands Íslands frá 1988 og var formaður sambandsins frá 1990-1996. Sigríður er formaður Fræðsluviðs ÍSí og hefur gegnt því embætti frá stofnun sviðsins. Hún situr í Íþróttanefnd ríkisins fyrir hönd ÍSí.

Íþróttalegur bakgrunnur: Badminton.

Jón Gestur Viggósson er fæddur 1946. Jón Gestur var kjörinn í varastjórn ÍSí árið 2000 og í framkvæmdastjórn ÍSí árið 2009. Hann situr í Fjármálaráði ÍSí og í stjórn Fræðslu- og þróunar sviðs ÍSí. Einnig á hann sæti í ýmsum vinnuhópum á vegum ÍSí. Jón Gestur var gjaldkeri Íþróttabandalags Hafnarfjarðar 1999 - 2009 og sat í aðalstjórn og deildastjórnnum FH í fjölda ára.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.

Ingibjörg Bergros Jóhannesdóttir er fædd 1953.

Hún var kjörin í varastjórn ÍSí árið 2002 og í framkvæmdastjórn ÍSí 2011. Ingibjörg situr í stjórn Almenningsíþróttasviðs ÍSí, formaður Kvennahlaupsnefndar ÍSí og Heilbrigðisráðs ÍSí, auk þess að stýra vinnuhópum.

Ingibjörg var formaður Umf. Aftureldingar í Mosfellsbæ í 8 ár.

Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur og frjálsíþróttir.

Framkvæmdastjórn hefur haldið 24 fundi frá síðasta Íþróttþingi. Þá hefur framkvæmdaráð ÍSí, sem í sitja forseti, varaforseti, gjaldkeri og ritari haldið 43 fundi. Fundi framkvæmdaráðs hafa einnig setið, eftir atvikum, formenn sviða ÍSí, formaður Afreks sjóðs ÍSí, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri.

Auk ofangreindra funda hafa verið haldnir fjöldi óformlegra funda.



Gústaf Adólf Hjaltason.



Garðar Svansson.



Gunnlaugur Auðunn Júlíusson.

Varastjórn ÍSÍ

Gústaf Adólf Hjaltason er fæddur 1955.

Hann var kjörinn í varastjórn ÍSÍ árið 2009 og situr í stjórn Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ. Gústaf var formaður Sundfélagsins Ægis um árabil. Hann er formaður framkvæmdastjórnar RIG (Reykjavík International Games). Gústaf sat í stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar í 3 ár og var formaður nefnda þar. Hann hefur verið í stjórn Sundráðs Reykjavíkur í 9 ár. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, handknattleikur og golf.

Garðar Svansson er fæddur 1968.

Kjörinn í varastjórn ÍSÍ 2011 og situr í tölvunefnd ÍSÍ. Garðar sat í stjórn UMFÍ 2009 til 2011. Kjörinn í stjórn Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu (HSH) 1995 til 2011. Þar af formaður frá 2006 til 2011. Garðar hefur gegnt stöðu framkvæmdarstjóra HSH síðan 2009. Hann var formaður Ungmennafélags Grundarfjarðar 1997 til 2000. Situr í stjórn Golfklúbbsins Vestarr og er formaður mótanefndar. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálsíþróttir, blak, golf.

Gunnlaugur Auðunn Júlíusson er fæddur 1952.

Hann var kjörinn í varastjórn ÍSÍ árið 2011 og situr í Heilbrigðisráði og í stjórn Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Gunnlaugur hefur setið í stjórn knattspyrnudeildar Víkings og sat í aðalstjórn Víkings um árabil. Gunnlaugur hefur síðustu fjögur árin setið í stjórn frjálsíþróttadeildar Ármanns. Gunnlaugur er formaður 100 km félagsins á Íslandi og er einnig formaður ofurhlauparáðs FRÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Langhlaup með sérstaka áherslu á ofurhlaup.



Andri Stefánsson.



Berglind Guðmundsdóttir.



Halla Kjartansdóttir.



Jóna Hildur Bjarnadóttir.



Kristín Lilja Friðriksdóttir.



Linda Laufdal.



Líney Rut Halldórsdóttir.



Óskar Örn Guðbrandsson.



Ragnhildur Skúladóttir.



Sigríður Inga Viggósdóttir.



Steinunn A.Í. Tómasdóttir.



Viðar Sigurjónsson.



Þórarinn Alvar Þórarinsson.



Örvar Ólafsson.

Skrifstofa ÍSÍ

Starfsmenn ÍSÍ eru 13 talsins. Á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík starfa 12 starfsmenn, þar af þrír í hlutastarfi og á Akureyri er einn starfsmaður í fullu starfi. Grunnstarfsemi skrifstofunnar skiptist í þrjú starfssvið; Afreks- og ólympíusvið, Þróunar- og fræðslusvið og Almenningsíþróttasvið. Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákvað á árinu, í hagræðingarskyni, að flytja starf sviðsstjóra Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ aftur til höfuðborgarinnar en sviðsstjóri sviðsins hefur undanfarin ár verið staðsettur á Akureyri. Viðar Sigurjónsson, sem gegnt hefur starfi sviðsstjóra Þróunar- og

fræðslusviðs ÍSÍ frá árinu 2006, sá sér ekki fært að flytjast búferlum til að sinna starfi sviðsstjóra með aðsetur í Reykjavík. ÍSÍ mun þó áfram njóta starfskrafta hans því hann mun stýra skrifstofu ÍSÍ á Akureyri ásamt því að hafa m.a. umsjón með gæðaverkefninu Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og áframhaldandi þróun og uppbyggingu á þjálfaramenntun ÍSÍ. Ragnhildur Skúladóttir var ráðin í starf sviðsstjóra Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ og hóf hún störf 1. nóvember sl. Rúna H. Hilmarsdóttir hætti störfum sem verkefnastjóri Felix, skráningar-

kerfi ÍSÍ og UMFÍ, í júní síðastliðnum og í hennar stað var ráðinn Óskar Örn Guðbrandsson. Óskar Örn er öllum hnútum kunnur í íþróttahreyfingunni en hann starfaði um tíma sem framkvæmdastjóri Sundsambands Íslands. Kristín Lilja Friðriksdóttir verkefnastjóri á Almenningsíþróttasviði er í fæðingarorlofi sem stendur en Sigríður Inga Viggósdóttir var ráðin tímabundið í hennar verkefni. Berglind Guðmundsdóttir gjaldkeri kom aftur til starfa úr fæðingarorlofi síðsumars 2012. Rafn Erlingsson starfaði við sumarafleysingar sumarið 2012.

Nefndir ÍSÍ

Mikið starf er unnið í nefndum og hópum á vegum ÍSÍ á milli Íþróttabinga. Fastanefndir ÍSÍ eru Heiðursráð, Heilbrigðisráð, Lyfjaráð, Lyfjaeftirlitsnefnd, Afrekssjóður ÍSÍ, Sjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna, Laganefnd, Fjármálaráð, Alþjóðanefnd og Íþróttamannanefnd. Að auki eru starfandi á milli þinga ýmsir vinnuhópar og millipinganefndir um sérstök málefni eða verkefni.

Sérsamböndum ÍSÍ fjölgar

Á vormánuðum 2008 setti ÍSÍ á stofn nefnd um akstursíþróttir. Nefndin var sett á laggirnar í nánu samstarfi við aðildarfélög ÍSÍ og Landssambands íslenskra akstursfélaga (LÍA) og starfaði undir vinnuheitinu „Akstursíþróttanefnd ÍSÍ/LÍA”. Markmið nefndarinnar var að vinna að málefnum akstursíþróttar og vinna að undirbúningi stofnunar Akstursíþróttasambands Íslands. Stofnfundur Akstursíþróttasambands Íslands – AKÍS var haldinn 20. desember 2012.

Akstursíþróttir eru í dag stundaðar innan vébanda 7 héraðssambanda/íþróttabandalaga en íþróttin hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár.

Með stofnun Akstursíþróttasambands Íslands eru sérsambönd ÍSÍ orðin 29 að tölu.



Fyrsta stjórn AKÍS.

Íþróttanefndir ÍSÍ

Íþróttanefndir ÍSÍ eru sjö talsins; Bandýnefnd, Bogfiminefnd, Hjólreiðanefnd, Hnefaleikanefnd, Krullunefnd, Skvassnefnd og Þríþrautarnefnd.

Nefndirnar starfa undir lögum ÍSÍ og markmið þeirra er að vinna að eflingu viðkomandi íþróttagreinar þar til hún uppfyllir lögbundnar kröfur til stofnunar sérsambands.

Laganefnd ÍSÍ

Laganefnd ÍSÍ er álitsgjafi framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Árlega les nefndin yfir lög fjölmargra félaga sem sækjast eftir aðild að íþróttahreyfingunni ásamt því að fara yfir breytingar sem gerðar eru á lögum sambandsaðila. Að auki aðstoðar nefndin framkvæmdastjórn í aðdraganda Íþróttabings ef breytinga er þörf á lögum ÍSÍ.

Listi yfir viðurkenndar íþróttagreinar innan vébanda ÍSÍ

Viðurkenndar íþróttagreinar innan vébanda ÍSÍ eru sem stendur 47 talsins.

Aikido	Fallhlífastökk	Hestaíþróttir	Júdó	Körfuknattleikur	Skautaiþróttir	Tennis
Akstursíþróttir	Fisflug	Hjólreiðar	Karate	Lyftingar	Skíði	Wushu (5 greinar af 11)
Bandý	Frjálsíþróttir	Hnefaleikar	Kayak	Mótorhjóla-og snjósléðaiþróttir	Skvass	Þríþraut
Blak	Fimleikar	Handknattleikur	Klifur	Rathlaup	Skyldingar	
Bogfimi	Glíma	Íþróttir fatlaðra	Knattspyrna	Rugby 7 og 15	Sund	
Badminton	Gólf	Íshokkí	Kraftlyftingar	mannanna	Svifflug	
Borðtennis	Hafnabolti og mjúkubolti	Jiujitsu (ekki brasilískt jiujitsu)	Krikket	Siglingar	Taekwondo	
Dans			Krulla			



Þátttakendur í Formannafundi ÍSÍ 2012.

Formannafundir ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ er samkvæmt lögum ÍSÍ ráðgefandi samkoma þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ upplýsir formenn sambandsaðila ÍSÍ um starfsemi sambandsins á milli íþróttapaþinga. Formannafundur er haldinn í nóvember ár hvert og er alltaf vel sóttur af sambandsaðilum ÍSÍ.

Í tengslum við Formannafund ÍSÍ hefur undanfarin ár verið haldinn óformlegur samráðsfundur héraðssambanda og íþróttabandalaga um sameiginleg hagsmunamál. Árið 2012 var þó brugðið út af vananum og boðað til fundar með forsvarsmönnum stjórnmalaflokkanna til að ræða helstu áherslur og stefnur þeirra í málefnum tengdum íþróttahreyfingunni enda stutt til næstu alþingiskosninga. Mikilvægt er fyrir íþróttahreyfinguna, stærstu fjöldahreyfingu frjálsra félagasamtaka í landinu, að stjórnmalaflokkar beri hag íþróttanna fyrir brjósti.

Í kvöldverðarboði eftir Formannafund ÍSÍ 2012 afhenti Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ formönnum sambandsaðila veggplatta að gjöf með merki viðkomandi sambandsaðila og merki ÍSÍ í tilefni 100 ára afmælis ÍSÍ.



Finnbogí Harðarson formaður UDN tekur við veggplatta UDN sem Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ afhenti sambandinu að gjöf í tilefni af 100 ára afmæli ÍSÍ.



Haraldur Þórarinnsson formaður LH biður um orðið á Formannafundi 2012.

Dómsmál

Dómstóll ÍSÍ fékk til sín 13 mál frá síðasta íþróttapaþingi og voru þau öll tekin fyrir hjá Dómstól ÍSÍ. Átta málum var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Bent er á að hægt er að lesa dómsúrskurði hjá dómstólum ÍSÍ á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is.



Hafsteinn Pálsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ afhendir Jóni Gunnlaugssyni Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu knattspyrnuhreyfingarinnar.

Margrét Björnsdóttir, Siglingafélaginu Ými/UMSK/SÍL
 Markús Ívarsson, Umf. Samhygð/HSK
 Oddur Sigurðarson, Umf. Kormáki/USVH
 Páll Grétarsson, Umf. Stjörnnuni/SKÍ
 Rósa Marinósdóttir, UMSB
 Siggeir Siggeirsson, SSÍ
 Sigmundur Stefánsson, GLÍ
 Snorri Olsen, Umf. Stjörnnuni/UMSK/ÍSÍ
 Stefán Halldórsson, ÍR/FRÍ
 Sturlaugur Sturlaugsson, ÍA
 Svanur Ingvarsson, Umf. Selfoss/HSK
 Þórir Haraldsson, Umf. Selfoss/HSK
 Þórir Ingvarsson, KLÍ
 Ægir Ferdinandsson, Val

Heiðranir

Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands er það sönn ánægja að veita á ári hverju viðurkenningar til einstaklinga sem hafa unnið fórnfúst og gott starf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Eftirtaldar viðurkenningar hafa verið veittar frá síðasta Íþróttapingi:

Heiðursfélagar, kjörnir á 70. Íþróttapingi ÍSÍ 2011:

Hörður Gunnarsson
 Páll Aðalsteinsson

Heiðurskross ÍSÍ

Ari Bergmann Einarsson
 Elías Hergeirsson
 Eysteinn Þorvaldsson
 Guðmundur Kr. Jónsson
 Hrafnhildur Guðmundsdóttir
 Jens Kristmannsson
 Jón Gunnar Zoëga
 Kolbeinn Pálsson
 Magnús Ólafsson
 Margrét Bjarnadóttir

Gullmerki ÍSÍ

Adolf H. Berndsen, USAH

Anna María Valtýsdóttir, ÍBH
 Birna Björnsdóttir, FSÍ
 Davíð Sveinsson, Umf. Snæfell
 Grímur Sæmundsen, Val
 Guðni Guðnason, HSV
 Guðmundur Gíslason, SSÍ/SÍÓ
 Hafsteinn Þórðarson, Fimleikafélaginu Björk/FSÍ
 Halldór Einarsson, Val/Henson
 Haukur Sveinbjörnsson, Umf. Eldborg
 Haukur Þorsteinsson, Eik
 Helga Alfreðsdóttir, UÍA/Hetti
 Helgi Haraldsson, Umf. Selfoss/FRÍ
 Helgi Sigurðsson, Hetti/ÍSÍ
 Hreinn Halldórsson, UÍA
 Hörður Gunnarsson, Val
 Ingimundur Ingimundarson, UMSB
 Ingvar Kristinsson, Fimleikafélaginu Björk
 Jóhann Björn Arngrímsson, Golfklúbbi Hólmavíkur
 Jóhanna Gunnlaugsdóttir, UMSE
 Jón Eiríksson, Dansfélagi Reykjavíkur/DSÍ
 Jón Gunnlaugsson, KSÍ
 Jósef Sigurjónsson, Akri
 June Eva Clark, ÍSS

Silfurmerki ÍSÍ

Ásta Sigurðardóttir, Dímoni/HSK
 Berglind Pétursdóttir, Gerplu/FSÍ
 Eyjólfur Þór Guðlaugsson, KKÍ
 Friðrika Björk Illugadóttir, Umf. Eflingu/HSP
 Guðbjörg Norðfjörð, Haukum/KKÍ
 Guðmann Jónasson, Skotfélaginu Markviss
 Guðmundur Gíslason, HSH
 Hallur Halldórsson, Umf. Selfoss
 Jóhann Guðmundsson, USAH
 Jón Jóhannsson, USAH
 Kjartan Friðriksson, STÍ
 Kristinn Guðnason, HSK
 Magdalena Berglind Björnsdóttir, USAH
 Magnús Steingrímsson, Skíðafélagi Strandamanna
 Olga Bjarnadóttir, Umf. Selfoss
 Ólafur Elí Magnússon, Dímoni/HSK
 Ragnheiður Víkingsdóttir, Val
 Stefán Jónasson, HSP
 Torfi Magnússon, Val
 Unnar Agnarsson, USAH
 Þorbjörn Jensson, Val



Sendinefnd frá Hull í Bretlandi í heimsókn ásamt sendiherra Bretlands á Íslandi.

Heimsóknir

Margir skemmtilegir gestir heimsækja ÍSÍ í höfuðstöðvar sambandsins í Laugardal á ári hverju. Hér gefur á að líta nokkrar svipmyndir frá heimsóknum á síðustu tveimur árum.



Hansjörg Wirz, formaður Evrópska frjálsíþróttasambandsins, fundaði með forseta ÍSÍ og framkvæmdastjóra.



Tengiliðir framkvæmdanefndar Ólympíuleikanna í London 2012 heimsóttu ÍSÍ í nóvember 2011.



Áhugasamar stúlkur á námskeiði SKÍ notuðu matarhléið sitt til að kynna sér starfið á skrifstofu ÍSÍ.



Ólympíufarar á Ólympíuleikunum í London 1948 í heimsókn.



Ragna Ingólfssdóttir badmintonkona og Ólympíufari afhenti ÍSÍ áritaða mynd með hlýlegri kveðju og þökkum fyrir samstarfið.



Reynir Sigurðsson fyrrum Ólympíufari afhenti ÍSÍ til varðveislu ársskýrslu ÍSÍ 1946-1948, áritað af þeim sem fóru á Ólympíuleikana í London 1948 ásamt meðlimum flugáhafnar Geysis sem flutti Ólympíuhópin til London.



Vinnuhópur íþróttahéraða fundar í Laugardalnum.



Núlifandi Ólympíufarar sem tóku þátt í Ólympíuleikunum í London 1948 ásamt Gunnari Bragasyni og Helgu Steinunni Guðmundsdóttur úr framkvæmdarstjórn ÍSÍ.

Samtök íslenskra ólympíufara - SÍÓ

Aðalfundur stjórnar Samtaka íslenskra ólympíufara (SÍÓ) var haldinn 26. maí 2011. Þrjár breytingar urðu á stjórn samtakanna. Á kjörtímabilinu hafa setið í stjórn þau Guðmundur Gíslason formaður, Þórey Edda Elís-dóttir varaformaður, Ásta Halldórs-dóttir, Árni Þór Hallgrímsson, Þórdís Lilja Gísladóttir og varamennirnir Elín Sigurðardóttir og Einar Ólafsson. Elín Sigurðardóttur fór sem fulltrúi á Evrópuþing ólympíufara. Þar kom meðal annars fram ályktun um mikilvægi þess að hvetja núverandi afreksfólk til þess að stunda nám samhliða keppnisíþróttum.

Ólympíufarar voru sýnilegir á 100 ára afmæli ÍSÍ. Haldið var fyrsta árlega golfmót SÍÓ. Ólympíufarar heimsóttu skóla, sumarnámskeið íþróttafélaga ásamt nokkrum frístundaheimilum í tengslum við Ólympíuvíkuna. Eftirlifandi keppendum Íslands frá Ólympíuleikunum í London 1948 var boðið ásamt Ólympíuhópnum 2012 í sendiráð Breta. Einnig stóðu samtökin að sameiginlegu kaffiboði fyrir fyrrverandi ólympíufara þar sem nokkrir úr ólympíuhópi Íslands fyrir London 2012 sögðu frá leið sinni á leikana.



Kári Steinn Karlsson maraþonhlaupari og ólympíufari segir frá leið sinni á ÓL 2012.



SÍÓ Samtök
íslenskra
ólympíufara



Hátíðarfundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ 28. janúar 2012.

Minningarskjöldur afhjúpaður

Heiðursforsetar ÍSÍ, þeir Gísli Halldórsson og Ellert B. Schram, afhjúpuðu á afmælisdegi ÍSÍ, minningarskjöld um stofnun sambandsins í fundarsalnum Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur. Skjöldurinn var gjöf frá Reykjavíkurborg í tilefni afmælisins.



Ellert B. Schram og Gísli Halldórsson, Heiðursforsetar ÍSÍ, afhjúpa minningarskjöldinn.

Afmælisárið

Afmælisár ÍSÍ 2012 hófst með hátíðardagskrá þann 28. janúar en þann mánaðardag, árið 1912, var ÍSÍ stofnað í Bárubúð í Reykjavík. Afmælishátíðin var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur, þar sem Bárubúð stóð áður.

Á afmælisdaginn var haldinn hátíðarfundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ í fundarsal sem ber nafnið Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur. Auk framkvæmdastjórnar ÍSÍ, voru viðstaddir heiðursforsetar ÍSÍ, þeir Ellert B. Schram og Gísli Halldórsson, forseti og framkvæmdastjóri Evrópusambands ólympíunefnda, þeir Patrick Hickey og Raffaele Pagnozzi, Stefán Konráðsson fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

Undirbúningur afmælisársins var í höndum Afmælisnefndar ÍSÍ sem skipuð var Erni Andrésyni formanni, Ingvari Sverrissyni, Loga Kristjánssyni, Pétri H. Sigurðssyni og Sveini Áka Lúðvíkssyni. Verkefnastjóri á afmælisárinu var Hjördís Guðmundsdóttir.



Kolbeinn Pálsson, Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Guðmundur Kr. Jónsson og Ari Bergmann Einarsson sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ á afmælishátíð ÍSÍ.

100 ára afmælishátíð ÍSÍ

Margir góðir gestir mættu til afmælishátíðar ÍSÍ sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur 28. janúar 2012, í framhaldi af hátíðafundi fram-

kvæmdastjórnar ÍSÍ. Flutt var ávarp forseta Íslands af myndbandi þar sem forsetinn var staddur erlendis. Samkomuna ávörpuðu einnig Katrín

Jakobsdóttir mennta- og menningar- málaráðherra, Patrick Hickey forseti Evrópusambands ólympíunefnda, Eva Einarsdóttir fulltrúi borgarstjóra,



Afmælishátíð ÍSÍ í Ráðhúsi Reykjavíkur.



Þorbjörg Ágústsdóttir skyldingakona var glæsileg í hlutverki kynnis á hátíðinni.



Forseti Íslands flytur ávarp af myndbandi.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK. Formaður Ritnefndar ÍSÍ, Stefán Konráðsson og Steinar J. Lúðvíksson ritstjóri afhentu forseta ÍSÍ fyrsta eintakið af afmælis-

bók ÍSÍ, Íþróttabókin – ÍSÍ saga og samfélag í 100 ár. Það sem bar einna hæst á hátíðinni var fyrsta tilnefning ÍSÍ í Heiðurshöll ÍSÍ en einnig voru þau Ari Bergmann Einarsson, Guðmundur Kr.

Jónsson, Hrafnhildur Guðmundsdóttir og Kolbeinn Pálsson sæmd þar Heiðuskrossi ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Gestum var boðið upp á glæsilegar veitingar og voru allir í hátíðaskapi á þessum merka degi.

Heiðurshöll ÍSÍ

Í tilefni 100 ára afmælis ÍSÍ samþykkti framkvæmdastjórn ÍSÍ að setja á stofn Heiðurshöll ÍSÍ. Heiðurshöll ÍSÍ er óáþreifanleg höll afreksíþróttafólks og afreksþjálfara Íslands, í ætt við Hall of Fame á erlendri grundu. Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefnir einstaklinga í Heiðurshöll ÍSÍ eftir reglugerð þar að lútandi og er Heiðursráð

ÍSÍ ráðgefandi aðili varðandi tilnefningar. Með þessu verkefni vill ÍSÍ skapa vettvang til að setja á frekari stall okkar framúrskarandi fólk og skapa minningar í máli og myndum af þeirra helstu afrekum. ÍSÍ hefur hug á að útfæra verkefnið enn frekar í tímans rás.

Afmælistengdir viðburðir

Sambandsaðilar ÍSÍ hafa tengt hina ýmsu viðburði á þeirra vegum við afmæli ÍSÍ, svo sem íþróttamat, ráðstefnur, sýningar og fræðsluviðburði.

Allir sambandsaðilar ÍSÍ fengu í upphafi árs afmælisfána ÍSÍ til að nota í tengslum við helstu viðburði á árinu.

Í tilefni af afmælisárinu voru ýmsir hefðbundnir viðburðir á vegum ÍSÍ með stærra sniði en venjulega.



Vilhjálmur Einarsson útnefndur fyrstur í Heiðurshöll ÍSÍ



Vilhjálmur Einarsson, útnefndur fyrstur inn í Heiðurshöll ÍSÍ.

Þegar kom að því að útnefna í fyrsta skipti afreksíþróttamann í Heiðurshöll ÍSÍ þá kom berlega í ljós hver átti helst hug ÍSÍ og hjarta í þeim efnum. Það var Heiðursfélagi ÍSÍ - Vilhjálmur Einarsson - okkar fyrsti verðlaunahafi á Ólympíuleikum og mikill afreksíþróttamaður.

Vilhjálmur hóf sinn keppnisferil á skólamótum á Eiðum um 1950 og var sigursæll íþróttamaður allan sinn keppnisferil. Hann var einn

af fremstu þrístökkvurum heims árin 1956-1962 og einnig á Evrópumælikvarða í langstökki sömu ár. Vilhjálmur setti glæsilegt Ólympíumet þegar hann vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu 27. nóvember 1956 með stökki sínu 16.26 m. Það met bætti heimsmethafinn Da Silva frá Brasilíu með sigurstökki sínu á sömu leikum. Vilhjálmur stóð sig einnig frábærlega á Ólympíuleikunum í Róm 1960 er hann náði 5. sæti í þrístökki með stökki upp á 16,37 m. Einnig vann til 3. verðlauna á EM í Stokkhólmi 1958

og varð í 6. sæti í Belgrad 1962, svo eitthvað sé nefnt. Vilhjálmur hefur ætíð sýnt íþróttum og íþróttahreyfingunni á Íslandi mikinn áhuga og velvilja. Hann er Heiðursfélagi ÍSÍ og hefur verið manna duglegastur að mæta á þá viðburði sem þeir hafa verið boðaðir til. Hann hefur verið mörgum íþróttamanninum fyrirmynd og blásið okkur þjóðinni bjartsýni í brjóst með því að sýna og sanna að við getum vel unnið til verðlauna á stórmótum úti í heimi þó fámenn séum.



Vilhjálmur sem ungur afreksíþróttamaður í frjálsíþróttum.

Bjarni og Vala útnefnd í Heiðurshöll ÍSÍ

Þann 29. desember 2012 var útnefnt í Heiðurshöll ÍSÍ í annað sinn og að þessu sinni voru útnefnd þau Bjarni Ásgeir Friðriksson júðókappi og Vala Flosadóttir stangarstökkvari. Bjarna og Völu þarf vart að kynna en þau eru bæði verðlaunahafar í sinni íþrótt á Ólympíuleikum ásamt því að hafa unnið til fjölda verðlauna á mótum, bæði innanlands sem utan. Bæði áttu þau afar farsælan keppnisferil og eru miklar fyrirmyndir.



Vala Flosadóttir, Vilhjálmur Einarsson og Bjarni Ásgeir Friðriksson, meðlimir Heiðursvallar ÍSÍ.

Myndasýning

Í tilefni af afmælinu var sett upp myndasýning sem prýddi vegg Ráðhússins í nokkrar vikur. Myndirnar sem voru á sýningunni voru allar úr Íþróttabókinni, afmælisbók ÍSÍ. Myndirnar voru ekki innrammaðar á hefðbundinn hátt heldur prentaðar á gegnsæja filmu sem var límð á hvíta vegg Ráðhússins.



Frá myndasýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Samstarf við Héraðsskjalasöfn á Íslandi



Við upphaf samstarfs ÍSÍ og Héraðsskjalasafna á Íslandi.

Pegar 100 dagar voru í Ólympíuleikana í London 2012 hófu ÍSÍ og Héraðsskjalasöfn á Íslandi samstarf sem snérist um skráningu og söfnun á íþróttatengdum skjölum og minni hlutum, svo sem ljósmyndum, myndböndum, fundargerðum, bréfum, mótaskrá, félagaskrá, bókhaldi, merkjum og öðru áhugaverðu sem tengist íþróttahreyfingunni. Héraðsskjalasöfn, sem eru 20 á Íslandi, eru sjálfstæðar skjalavörslustofnanir á vegum sveitarfélaga er lúta faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Mikilvægt er að horfa til framtíðar og halda sögunni til haga svo hún glatist ekki.

Sunnlendingar á Ólympíuleikum



Frá sýningunni Sunnlendingar á Ólympíuleikum.

Sýningin Sunnlendingar á Ólympíuleikum var haldin í tilefni af afmælisári ÍSÍ. Sýningin, sem var í Byggðarsafninu á Eyrarbakka var samstarfsverkefni Héraðssambands-

ins Skarphéðins og Byggðasafns Árnesinga. Á sýningunni, sem var afar vel heppnuð, var varpað ljósi á þátttöku Sunnlendinga á Ólympíuleikum í gegnum tíðina.

Ráðstefna um erlend samskipti

Ráðstefna um erlend samskipti og þátttöku Íslendinga í nefndum og ráðum í alþjóðastarfi var haldin í marsmánuði 2012. Áhugavert var á ráðstefnunni hvað margir Íslendingar í íþróttahreyfingunni sitja í ýmsum erlendum ráðum og nefndum. Fulltrúi frá Íslandsstofu kom á fundinn og ræddi stöðuna um hvernig ÍSÍ og Íslandsstofa gætu unnið saman að því að fjölga alþjóðlegum íþróttatengdum viðburðum á Íslandi. Einnig var rætt hvort sérsambönd ættu að vinna meira saman í þessum málaflokki.



Hörður Oddfríðarson afhendir forseta ÍSí afmælisgjöf frá Sundsambandi Íslands.



Engilbert Olgeirsson afhendir Ólafi Rafnssyni forseta ÍSí afmælisgjöf frá sambandsaðilum ÍSí.

Afmælisgjafir

ÍSí bárust margar góðar afmælisgjafir á afmælisárinu, bæði frá sambandsaðilum sínum og systursamtökum á Norðurlöndum. Héraðssambönd, íþróttabandalög og sér-

sambönd ÍSí færðu ÍSí hátíðarfána og útskorna fánastöng að gjöf á afmælishátíð ÍSí í Ráðhúsi Reykjavíkur.

EOC fundaði í höfuðstöðvum ÍSí



Raffaele Pagnozzi framkvæmdastjóri EOC, Steingrímur J. Sigfússon atvinnu- og nýsköpunarráðherra, Patrick Hickey forseti EOC og Ólafur Rafnsson forseti ÍSí í móttöku ráðherra.

Evrópusamband ólympíunefnda - EOC hélt framkvæmdastjórnarfund á Íslandi í tengslum við 100 ára afmæli ÍSí. Fundurinn var haldinn í höfuðstöðvum ÍSí í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Stjórn og starfsfólk EOC tók einnig þátt í hátíðardagskrá ÍSí á afmælisdaginn. Patrick Hickey forseti

EOC ávarpaði hátíðargesti í Ráðhúsi Reykjavíkur og lýsti þar yfir ánægju sinni með dvölinu hér á landi og samstarfið við ÍSí. Hann færði forseta og framkvæmdastjóra ÍSí og mennta- og menningarmálaráðherra áritaða platta frá EOC. Það var ÍSí mikill heiður að hafa forystu EOC viðstadda þessi merku tímamót.

Frímerki á afmælisári

Tvö frímerki sem tengjast ÍSí komu út á árinu á vegum Íslands-pósts.

Björgvin Sigurðsson hannaði merki sem tengist Ólympíuleikunum í London og Tryggvi T. Tryggvason hannaði frímerki í tengslum við 100 ára afmæli ÍSí.



Íþróttabókin – stórglæsileg afmælisbók

„Íþróttabókin - ÍSÍ saga og samfélag í 100 ár” kom út í janúar. Með útgáfu bókarinnar var leitast við að geyma í senn sögu sambandsins og merka atburði í íslensku íþróttalífi.

Ákveðið var að fara nýja leið við upp-
rifjun sögunnar og leggja aðaláherslu á að fjalla um þau víðtæku áhrif sem íþróttastarfið og íþróttahreyfingin hefur haft á íslenskt samfélag í gegnum tíðina.

Í ritnefnd bókarinnar voru Stefán S. Konráðsson formaður, Magnús Oddsson, Jón Gestur Viggósson og Unnur Stefánsdóttir.

Steinar J. Lúðvíksson rithöfundur ritstýrði verkinu. Fáir Íslendingar

hafa jafn víðtæka og yfirgripsmikla þekkingu á starfi íþróttahreyfingarinnar. Til liðs við sig fékk hann nokkra höfunda sem allir eru kunnir íþróttáhugamenn, Ellert B. Schram, Ágúst Ásgeirsson, Jón M. Ívarsson, Steinþór Guðbjartsson, Björn Vigni Sigurpálsson og Þórgím Þránísson. Líney R. Halldórsdóttir var starfsmaður nefndarinnar og var Jón M. Ívarsson síðan fenginn til þess að annast myndaval og úttegun mynda í bókina. Prentsmiðjan Oddi prentaði bókina og Árni Jörgensen sá um útlit. Brynjar Gunnarsson hafði umsjón með skönnun mynda.

Bókin er til sölu á skrifstofu ÍSÍ og í helstu bókabúðum landsins.



Hin stórglæsilega bók „Íþróttabókin-ÍSÍ saga og samfélag í 100 ár”.

Norrænn fundur íþróttasamtaka og ólympíunefnda

Árlegur fundur norrænna íþróttasambanda og ólympíunefnda var haldinn á Hótel Örk í Hveragerði dagana 13.-16. september 2012. Fulltrúar mættu frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum. Almenn ánægja var með fundinn en þar voru rædd ýmis sameiginleg hagsmunamál íþrótt- og ólympíuhreyfingarinnar á Norðurlöndum. Í frítímanum á milli fundahalda var umhverfi Hveragerðis skoðað undir leiðsögn Aldísar Hafsteinsdóttur bæjarstjóra í Hveragerði og einnig var farið með hópinn inn í Þórsmörk í falletgu veðri.



Þátttakendur við Seljalandsfoss.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Íþróttamiðstöðin í Laugardal stendur undir nafni sem miðstöð íþróttahreyfingarinnar og daglega er lagt þar á ráðin um skipulag og fyrirkomulag viðburða og verkefna í þágu íþróttar. Öll sérsambönd ÍSÍ, utan KSÍ og SKÍ, eru með aðstöðu í miðstöðinni, auk Íþróttabandalags Reykjavíkur, Ungmennasambands Kjalarnespings, Íslenskrar getspá og Íslenskra getrauna, auk nokkurra hagsmunaaðila sem hafa aðsetur í miðstöðinni.

Á síðasta ári var tekið í notkun nýtt lyftuhús við hús 1 og 2 sem bætir aðgengi og samgang á milli húsa. ÍSÍ keypti á árinu 2012 2. hæð í húsi 2 af Íslenskum getraunum enda farið að þrengja verulega að starfsemi ÍSÍ. Handknattleikssamband Íslands er nú þar til húsa en ÍSÍ tók til afnota húsnæðið sem hýsti HSÍ áður, á 2. hæð í húsi 3.

Sjálfbóðaliðavefur

Starfsemi íþróttahreyfingarinnar byggist að stórum hluta á vinnu sjálfbóðaliða. Fjöldi fólks hefur lagt íþróttahreyfingunni lið með því að sitja í nefndum, ráðum eða vinnuhópum, tekið þátt í foreldrastarfi eða aðstoðað við framkvæmd móta eða kappleikja.

ÍSí hefur hannað vef sem hefur það að markmið að skapa vettvang fyrir sjálfbóðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sérsambanda, félagsliða eða ÍSí. Einnig er



markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfbóðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar. Sjálfbóðaliðavefurinn hefur fengið heitið „Allir sem einn“ og er stefnt að því að setja hann í loftið á næstu vikum.

Fésbókarsíða ÍSí

Síðla árs 2010 var fésbókarsíða ÍSí stofnuð og hefur hún vaxið og dafnað vel á undanförunum mánuðum. Fésbókin er áhugaverður miðill og eins og með aðrar góðar síður á þessum vettvangi gefur hún mikla möguleika á beinni þátttöku allra sem hafa á því áhuga. Fésbókarsíða ÍSí náði miklum hæðum á meðan á Ólympíuleikumum í London stóð sl. sumar þar sem fjöldi þeirra sem fylgdust með stöðuuppfærslum fór í tæplega 10.000. Á meðan á leikunum stóð var farið af stað með leik á síðunni í samvinnu við Ólympíufjölskyldu ÍSí þar sem

hægt var að vinna tveggja daga ferð til London sem og miða fyrir tvo á átta liða úrslit í handknattleik. Þar spiluðu Íslendingar sögulegan leik á móti Ungverjalandi. Vinningshafinn var dreginn út í beinni útsendingu í útvarpinu og óhætt er að segja að þátttakan var frábær í leikum enda til mikils að vinna. Hlutverk fésbókarsíðu ÍSí er enn í mótun þar sem unnið er í því að skilgreina markhópa og skapa jafnvægi á milli hennar og heimasíðu ÍSí.



Nýjar heimasíður

Ný heimasíða var tekin í notkun fyrir Lífshlaupið 2013 og ný heimasíða fer í loftið fyrir Hjólað í vinnuna 2013. Fyrir utan upplýsingar um verkefni má nálgast ýmsan fróðleik, myndir og skemmtilegt efni frá þátttakendum á heimasíðum þessara verkefna.

Almennings- íþróttasvið á Fésbók

Heimsækið Kvannahlaupið, Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna á Fésbók.

Netbókhald

Í mars 2007 var gert samkomulag við Netbókhald.is er varðar afsláttarkjör á bókhalds- og fjárhagskerfum Netbókhalds.is fyrir íþróttahreyfinguna. Með samkomulaginu fékk íþróttahreyfingin 50% afslátt af verðlista fyrirtækisins með því að ÍSí tók að sér að tryggja skilvísar greiðslur fyrir notkun íþróttahreyfingarinnar á tölvukerfinu í hverjum mánuði. ÍSí hefur síðan sent reikninga til sambandsaðila einu sinni til tvisvar á ári vegna notkunar þeirra. Ánægja hefur ríkt meðal notenda íþróttahreyfingarinnar með þetta samkomulag og þau kjör sem hreyfingin hefur. Mikilvægt er að hafa í huga að það er á ábyrgð sambandsaðila að vera í sambandi við netbókhald.is vegna breytinga á áskrift og kennslu á kerfi fyrirtækisins.



Starfsskýrslur ÍSí

Ár hvert þurfa héraðssambönd/íþróttabandalög, sérsambönd og íþrótt- og ungmennafélög að skila starfsskýrslum í gegnum Felix, tölvukerfi ÍSí og UMFÍ. Skil á starfsskýrslum ÍSí eru afar mikilvæg fyrir alla hreyfinguna því með þeim fæst nauðsynleg yfirsýn yfir fjöldatölur og fjárhag íþróttá landsvísu. Slík yfirsýn er nauðsynleg þegar sýna þarf fram á umfang og starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

Skil á starfsskýrslum eru afar góð og þakkar ÍSí sambandsaðilum góða samvinnu við innheimtu skýrslanna. Sambandsaðilar eru hvattir til að nýta sér Felix enn betur til skráningar og utanumhalds á starfsemi sinni.

Felix

Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, var tekið í notkun árið 2003 og er því 10 ára gamalt á þessu ári. Kerfið hefur að geyma fjölmarga þætti sem tengjast hinu daglega starfi sambandsaðila og er kerfið í dag tengt við mótakerfi nokkurra sérsambanda auk bókhaldskerfa. Sífelld er verið að vinna að endurbótum og þróun á kerfinu og þeim einingum sem þar eru að finna.

Á sameiginlegum fundi ÍSÍ og UMFÍ um tölvu- og skráningarmál íþróttahreyfingarinnar var ákveðið

að skipa nefnd til að yfirfara skráningarmál hreyfingarinnar og gera úttekt á núverandi félagakerfi; Felix. Ákveðið var að skipa fjögurra manna nefnd, tvo aðila frá ÍSÍ og tvo aðila frá UMFÍ. Auk þeirra hefur starfað með hópnum starfsmaður kerfisins. Hópurinn hefur átt nokkra fundi í vetur þar sem fjallað hefur verið um hvaða möguleika íþróttahreyfingin hefur til þróunar á félagakerfi sínu. Endanlegar niðurstöður úr starfi hópsins liggja ekki fyrir. Vinnuhópurinn mun starfa áfram með það að



markmiði að skapa sem víðtækasta sátt um félagakerfið.

Tölvukerfi Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal

ÍSÍ gerði á haustmánuðum 2012 samning við Advania um viðamikla rekstrarþjónustu og útvistun á sviði upplýsingatækni. Samningurinn felur í sér hýsingu og rekstur Advania á skrifstofukerfum ÍSÍ og vefþjónustum Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Samhliða þessu samdi ÍSÍ við Advania um hönnun og hýsingu á nýju vefsvæði fyrir sambandið og var ný heimasíða tekin í notkun í september 2012. Á heimasíðu ÍSÍ er að finna mikið magn upplýsinga og fréttu, undirvefja, tengla og ýmissa samskiptaupplýsinga. Ráðgert er að auka stöðugt við þá þjónustu sem er í boði, og gera flæði samskipta stöðugt gagnvirkara og aðgengilegra. Tölvukerfi Íþróttamiðstöðvarinnar var flutt í kerfisleigu hjá Advania í lok janúar 2013 eftir nokkurra mánaða undirbúning. Sérsambönd og aðrir aðilar sem byggt hafa upp starfsemi sína í Íþróttamiðstöðinni hafa með þessum breytingum mun betri aðgang að allri þjónustu við tölvukerfi sín en áður.



Forseti ÍSÍ og Gestur G. Gestsson forstjóri Advania innsigla samning um rekstur tölvukerfis Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal.

Lyfjaeftirlit ÍSÍ

Lyfjaeftirlit er sem fyrr mikilvægur málaflokkur innan ÍSÍ. Verkaskipting er þannig að Lyfjaeftirlitsnefnd fer með skipulagningu og framkvæmd lyfjaeftirlits en lyfjaráð fer með ákærvald í málum er varða brot á lyfjareglum. Í sameiningu sjá svo Lyfjaráð og Lyfjaeftirlitsnefnd um fræðslu og kynningarmál tengdum lyfjamisnotkun og lyfjaeftirliti.

Aukinn þróttur hefur verið í alþjóðlegu mótahaldi hér á landi á undan-gengnum árum. Oftar en ekki er gerð krafa um að lyfjaeftirlit fari fram á mótunum. Lyfjaeftirlit ÍSÍ hefur tekið að sér lyfjaeftirlit á slíkum viðburðum á vegum sambandsaðila. Á Ólympíuleikunum er fram fóru í London í sumar störfuðu fimm lyfjaeftirlitsaðila frá ÍSÍ í hinum ýmsu íþróttagreinum. Auk þess starfaði Áslaug Sigurjónsdóttir formaður Lyfjaeftirlitsnefndar við lyfjaeftirlit á Ólympíumóti fatlaðra.

Auk þess að framkvæma lyfjaprófa eru ýmis verkefni sem lyfjaeftirlit ÍSÍ sinnir. Meðal annars hafa verið haldnir fjölmargir fræðslufyrir-lestrar fyrir íþróttamenn og íþróttamannahópa, oft fyrir keppnisferðir erlendis. Síðastliðna vetur hefur



Frá lyfjaeftirlitsfræðslu fyrir lyfjafræðinema.

Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ í samvinnu við lyfjafræðideild Háskóla Íslands boðið framhaldsskólum landsins uppá fræðslu um lyfjaeftirlitsmálefni. Hafa lyfjafræðinemar fengið fræðslu og þjálfun í lyfjaeftirliti og helstu efnem og aðferðum er misnotuð hafa verið í tengslum við íþróttir. Í framhaldinu hafa nemendur útbúið fyrirlestur sem þeir hafa hafa flutt í framhaldsskólum.

Bannlisti Alþjóðalyfjaeftirlitsins er uppfærður árlega. Sérstök undanþágunefnd sem fer yfir og metur umsóknir um undanþágur frá bannlistanum er starfandi á vegum lyfjaráðs ÍSÍ.



Nýjasta útgáfa fræðsluefnis er annarsvegar leiðbeiningar til íþróttamanna sem gefinn var út í samstarfi við Alþjóðalyfjaeftirlitið. Hins vegar voru gefin út tvö veggspjöld í samvinnu við Íslensku auglýsingastofuna og með styrk frá forvarnasjóði UNESCO. Markmiðið með útgáfu veggspjaldanna er að minna á baráttuna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Heimasvæði Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ er www.lyfjaeftirlit.is þar er hægt að nálgast upplýsingar um helstu lög og reglur sem unnið er eftir. Þar er hægt að lesa nánar um skráðan lyfjaprófunarhóp og hverjir eru í hópnum hverju sinni. Einnig eru birtar tilkynningar um lyfjapróf sem framkvæmd eru og niðurstöður þegar þær liggja fyrir.

Lyfjapróf

Ár	Í keppni	Hlutfall	Utan keppni	Hlutfall	Samtals	Fjöldi íþróttageina
2004	81	74%	28	26%	109	16
2005	75	73%	28	27%	103	11
2006	85	59%	59	41%	144	14
2007	101	64%	58	36%	159	19
2008	87	49%	89	51%	176	18
2009	71	56%	57	45%	128	18
2010	93	62%	57	38%	150	20
2011	80	57%	60	43%	140	22
2012	48	43%	65	57%	113	17

Íþróttamannvirki á Íslandi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hafa lengi unnið að því að safna saman upplýsingum um íþróttamannvirki á Íslandi, en reynt hefur verið að skrá sem ítarlegastar upplýsingar um gerð og fjölda mannvirkja, ástand þeirra og aldur.

Lengi vel safnaði Íþróttafulltrúi ríkisins þessum upplýsingum en árið 1993 sendi ÍSÍ spurningalista til sveitarfélaga þar sem spurt var hvort íþróttamannvirki væru í sveitarfélaginu og þá hver. Samskonar spurningalistar voru sendir út á árunum 1995-1997. Árið 1998 var unnin skýrsla úr þeim gögnum sem borist höfðu, auk þess sem settur var upp mannvirkjavefur sem hafði að geyma allar þær upplýsingar sem búið var að skrá í gagnagrunn. Voru þar skráðar allar þær upplýsingar sem til voru í eldri gögnum ráðuneytis og ÍSÍ. Vefinn má í dag finna á heimasíðu ÍSÍ.

Frá því að fyrsta útgáfan var sett í loftið hefur vefurinn var endurbættur, valmöguleikum fjölgað auk þess sem aðgangi að vefnum fyrir fulltrúa sveitarfélaga var aukið. Verið er að skoða frekari þróun þessa vefs og má búast við að hann taki einhverjum breytingum á þessu ári. Áreiðanleiki gagna skiptir miklu máli og hefur vantað upp á það að upplýsingum um íþróttamannvirki á Íslandi sé



haldið við. Því hefur ÍSÍ og ráðuneytið ákveðið að fara enn aftur í áttak hvað varðar skráningar á upplýsingum. Í febrúar 2013 var sent bréf til Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa um land allt og óskað eftir samstarfi þeirra við gagnaöflun. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands vill hvetja sambandsaðila til að vera fulltrúum sveitarfélaga innan handar og senda þeim upplýsingar um þau mannvirki sem þau þekkja til og sjá að þarfnast uppfærslu í gagnagrunninum. Vitað er að enn á eftir að grunnskrá mörg nýrri mannvirki og eins hafa eflaust orðið breytingar á mörgum þeim mannvirkjum sem nú þegar eru skráð.

Heimasíður

ÍSÍ er með nokkrar virkar heimasíður og lén, og tengjast þær flestar verkefnum á vegum sambandsins. Heimasíða ÍSÍ er bæði vistuð á www.isi.is og eins á www.olympic.is en það lén er meira hugsað gagnvart erlendum heim sóknum. www.lyfjæftirlit.is er hluti af heimasíðu ÍSÍ, en í raun sjálfstæður vefur þar sem fjallað er um niðurstöður lyfjaprófa og fróðleik tengdan lyfjæftirliti.

www.lifshlaupid.is tengist almenningsíþróttaverkefni ÍSÍ og það sama má segja um www.hjoladivinnuna.is en báðir þessir vefir eru vinsælir meðal einstaklinga og fyrirtækja sem leggja áherslu á almenningsíþróttir og hreyfingu. ÍSÍ sér um vefinn www.gongumiskolann.is en um er að ræða verkefni sem snýr að grunnskólum landsins og eru fjórtíu lönd aðilar að þessu verkefni. ÍSÍ sér um aðild Íslands að Norrænu skólaíþróttanefndinni, og meðal verkefna þar er nýlegt verkefni sem heitir þrekaunir. Sérstakur vefur er um það verkefni er á www.nordicschoolsport.com/

Til viðbótar við þessi verkefni má nefna minni vefi ÍSÍ, eins og Ferðasjóð íþróttfélaga og Mannvirkjavef ÍSÍ, sveitar-



félaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Báðir þessi vefir verða hluti af heimasíðu ÍSÍ og er það stefna ÍSÍ að fjölga ekki stökum vefsvæðum heldur skapa umgjörð þar sem helstu upplýsingar fyrir sambandsaðila og aðra eru á einum aðgengilegum stað.



Íþróttamenn og konur sérgreina ÍSÍ 2011.

Íþróttamaður ársins

Heiðar Helguson var kjörinn Íþróttamaður ársins 2011 í sameiginlegu hófi Samtaka íþróttafréttamanna og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem fram fór á Grand hótél Reykjavík fimmtudaginn 5. janúar 2012. Áður en að kjöri íþróttamanns ársins kom voru íþróttamenn og konur sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ heiðraðir með veglegum bikurum sem gefnir voru af Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. Árið 2011 var gerð sú breyting á að afhent var minni útgáfa af verðlaunagrip Íþróttamanns ársins, til varðveislu hjá viðkomandi íþróttamanni til eins árs. Stóri gripurinn er varðveittur og til sýnis í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Þann 28. desember 2012 fór hófið fram í Gullhömrum í Grafarholti og var enn stærra en áður. Var hófið jafnframt lokaviðburður afmælisárs ÍSÍ og má segja að vel hafi tekist til hvað varðar dagskrá og umgjörð. Íþróttamaður ársins var kjörinn Aron Pálmarsson og jafnframt var lið ársins og þjálfari ársins valin af Samtökum íþróttafréttamanna í fyrsta sinn. Það var landslið Íslands í hópímleikum kvenna sem varð fyrir valinu, en þær urðu Evrópumeistarar 2012. Alfreð Gíslason var valinn þjálfari ársins eftir frábæran árangur á árinu. Íþróttamenn og konur sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ voru einnig heiðruð og má finna á heimasíðu ÍSÍ frekari upplýsingar um þá sem hafa hlotið þá nafnbót.



Verðlaunagripurinn.



Þrjú efstu 2012, Jón Margeir Sverrisson, Ásdís Hjálmsdóttir og Aron Pálmarsson, íþróttamaður ársins.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Á árinu 2007 samþykkti ríkisstjórn Íslands að koma á fót Ferðasjóði íþróttafélaga innan vébanda ÍSí og var ÍSí falin umsjón og umsýsla sjóðsins.

Ferðasjóði íþróttafélaga er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrotta- og forvarnarstarf. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að öruggum ferðamáta íþróttafólks.

Í febrúarmánuði ár hvert er styrkjum vegna keppnisferða ársins á undan úthlutað. Þann 15. febrúar síðastliðinn var styrkjum úthlutað vegna keppnisferða sem farnar voru á árinu 2012. Styrkurinn er greiddur beint til viðkomandi íþróttafélaga og deilda.

Til úthlutunar að þessu sinni voru 61,7 m.kr. Alls bárust sjóðnum 222 umsóknir frá 117 félögum/deildum í 21 íþróttahéraði. Sótt var um styrki vegna 3197 keppnisferða í 24 íþróttagreinum. Heildarkostnaður umsókna var ríflega 415 m.kr. Til viðbótar var skráður kostnaður vegna gistingar ríflega 45 m.kr. en sá kostnaður er ekki hæfur til umsóknar. Með hliðsjón af umsóknum í sjóðinn og umfangi þess sem ekki er hæft til umsóknar má ætla að heildar ferðakostnaður íþróttahreyfingarinnar sé um 1,5 milljarður króna og er þá úthlutun úr sjóðnum um það bil 4% af þeirri upphæð.

Styrkurinn hefur þó haft gríðarlegt gildi fyrir íþróttafélög um allt land og skipt sköpum varðandi þátttöku í mótum, ekki síst hjá þeim félögum sem lengst þurfa að ferðast í mót. Þegar umsóknirnar eru skoðaðar kemur berlega í ljós sú mikla vinna sem unnin er í íþróttafélögum á landsvísu í því skyni að gefa íþróttaiðkendum í dreifðustu byggðum tækifæri á að keppa við jafnaldra sína í íþróttum.

Úthlutun 2011		Úthlutun 2012	
Íþróttahéruð	Úthlutun pr. hérað	Samband	Úthlutun pr. hérað
HHF	49.459	HHF	128.101
HSB	57.288	HSB	0
HSH	1.909.868	HSH	1.443.921
HSK	2.250.620	HSK	2.737.660
HSS	0	HSS	0
HSV	2.413.568	HSV	2.604.377
HSP	1.421.178	HSP	1.810.809
ÍA	248.664	ÍA	405.611
ÍBA	11.375.044	ÍBA	12.716.790
ÍBH	1.933.269	ÍBH	1.497.085
ÍBR	6.791.013	ÍBR	10.617.037
ÍF	664.988	ÍF	394.485
ÍBV	5.544.050	ÍBV	6.419.031
ÍRB	759.087	ÍRB	467.911
ÍS	623.560	ÍS	459.912
UDN	0	UDN	0
UÍA	5.916.328	UÍA	8.333.380
UMSB	212.388	UMSB	196.218
UMSE	502.775	UMSE	725.266
UMSK	3.998.771	UMSK	5.446.826
UMSS	1.706.012	UMSS	2.300.375
USAH	113.576	USAH	115.591
USÚ	2.466.393	USÚ	2.705.826
USVH	142.157	USVH	173.817
USVS	0		0
	51.100.056		61.700.029

Úthlutun 2011		Úthlutun 2012	
Íþróttagrein	Úthlutun pr. íþrótt	Samband	Úthlutun pr. íþrótt
Badminton	153.410	Badminton	62.876
Blak	2.704.936	Blak	3.418.231
Borðtennis	28.185	Borðtennis	17.718
Dans	0	Dans	12.993
Fimleikar	1.086.109	Fimleikar	1.048.888
Frjálsar íþróttir	1.008.287	Frjálsar íþróttir	978.157
Glíma	132.769	Glíma	80.724
Golf	198.513	Golf	233.906
Handknattleikur	10.798.367	Handknattleikur	12.815.258
Hestaíþróttir	57.014	Hestaíþróttir	17.037
Hjólreiðar	1.807	Hjólreiðar	0
Íshokki	1.275.388	Íshokki	2.137.746
Íþróttir fatlaðra	306.873	Íþróttir fatlaðra	349.528
Júdó	229.629	Júdó	151.153
Keila	58.230	Keila	119.302
Knattspyrna	25.164.036	Knattspyrna	32.374.080
Kraftlyftingar	12.707	Kraftlyftingar	6.106
Körfuknattleikur	6.569.179	Körfuknattleikur	6.727.152
Mótórhj.- og snjósleðaíþ.	0	Mótórhj.- og snjósleðaíþ.	48.732
Siglingar	14.680	Siglingar	0
Skautaiþróttir	102.955	Skautaiþróttir	206.120
Skíðaíþróttir	902.855	Skíðaíþróttir	587.126
Skotfimi	29.474	Skotfimi	28.531
Sund	238.229	Sund	109.775
Taekwondo	26.424	Taekwondo	168.890
	51.100.056		61.700.029

Getspá /Getraunir

Bakhjarlar íþróttahreyfingarinnar



Það fjármagn sem runnið hefur frá Íslenskrum getspá og Íslenskum getraunum til starfsemi íþróttahreyfingarinnar hefur verið henni gríðarlega mikilvægt.

Fyrirtækin hafa náð að halda stöðu sinni á íslenskum happdrættismarkaði. Sala hefur aukist en sótt er að að félögum úr ýmsum áttum. Þar vegur þyngst þáttur erlendrar samkeppni í íþróttaleikjum en ljóst er að löggjafinn hefur ekki komið fram með þau úrræði sem þarf til þess að vernda fyrirtækin á íslenskum markaði.

Innanríkisráðherra lagði fram frumvarp á Alþingi um stofnun sérstakrar Happdrættisstofu. Í því frumvarpi koma einnig fram tillögur að stöðvun greiðslumiðlunar sem fela í sér að loka mætti að verulegu leyti á spilun á erlendum veðmálasíðum. Stjórnir Getspár og Getrauna fögnuðu þeim þætti í frumvarpinu en gerðu meðal annars athugasemdir við að fjármögnun Happdrættisstofu ætti að vera á kostnað happdrættismarkaðarins. Slíkt fyrirkomulag þýddi í raun að verið væri að draga úr framlögum til íþróttahreyfingarinnar með sérstakri skattlagningu. Nýr lottóleikur, „EuroJackpot“, hóf göngu sína 1. febrúar 2013. Íslensk getspá hefur verið í forystusveit þeirra fjórtán þjóða sem hafa unnið að undirbúningi þessa leiks síðan árið 2007. Þessi leikur mun vonandi bæta tekjugrunn Getspár til lengri tíma litið. Sala á fyrstu vikum leiksins gefur ágætar vonir þar um. Fyrsti vinningur getur mest orðið 90 milljón evrur eða um 15 milljarðar króna. Þá eru tólf vinningsflokkar í leiknum sem er nýmæli í lottóleik.

Stjórnir fyrirtækjanna og framkvæmdastjóri hafa lagt mikla áherslu á að draga úr kostnaði og reyna með öllum ráðum að auka hagnað til



eignaraðila sinna. Vert er þó að halda því til haga að sala á lottóleikjum gengur oft í bylgjum og þess vegna er mikilvægt að íþróttahreyfingin stilli fjárhagsáætlunum sínum upp af varkárni. Mjög mikilvægt er að íþróttahreyfingin standi vörð um fyrirtækið Getspá og Getraunir, ekki bara í orði heldur einnig í verki, með því að hvetja iðkendur og félagsmenn að taka þátt í leikjum fyrirtækjanna og efla um leið félagsstarf sitt og fá fjárstuðning til starfseminnar. Á þeim 25 árum sem liðin eru frá því að Íslensk getspá tók til starfa, hafa eigendur fyrirtækisins fengið rúmlega 11 milljarða til starfsemi sinna á föstu verðlagi. Þetta er fé sem klárlega hefur verið hornsteinn til uppbyggingu íþróttastarfs á Íslandi. Íslenskar getraunir er mun eldra félag og þátttaka í leikjum félagsins

hefur stutt verulega við félagsstarf félaganna með þátttöku í ýms konar tippihópum.

Fulltrúar ÍSÍ í stjórn Íslenskrar getspár eru þeir Lárus Blöndal sem er stjórnarformaður og Gunnar Bragason. Aðrir stjórnarmenn eru Vífill Oddsson og Þóra Þórarinsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands og Helga Guðjónsdóttir formaður Ungmennafélags Íslands.

Fulltrúi ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Hafsteinn Pálsson sem einnig er stjórnarformaður. Aðrir í stjórn eru Geir Þorsteinsson formaður KSÍ, Lilja Sigurðardóttir stjórnarmaður í ÍBR, Óskar Þór Ármannsson frá Íþróttanefnd ríkisins og Helga Guðjónsdóttir frá Ungmennafélagi Íslands.

Framkvæmdastjóri Getspár og Getrauna er Stefán Konráðsson.



Ólympíufjölskylda ÍSÍ Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor

Fjögur öflug fyrirtæki mynda Ólympíufjölskyldu ÍSÍ en þau eru Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá, og Valitor. Árið 2010 var undirritaður samningur við þessi fyrirtæki til ársloka 2012. Þessi fyrirtæki hafa öll stutt dyggilega við bakið á ÍSÍ og íslenski íþróttahreyfingu til margra ára, með það að markmiði að efla íslenskt íþróttalíf og þátttöku Íslands á erlendum vettvangi. Unnið er að endurnýjun samninga fram yfir Ólympíuleikana í Ríó 2016.

Ólympíufjölskyldu fyrirtækin koma einnig að einstökum árlegum verkefnum ÍSÍ sem tengjast almenn-

ingsíþróttum sem og afreksíþróttum. Gott dæmi um það er Ólympíudagurinn þar sem fyrirtækin hafa starfað saman að undirbúningi og markaðssetningu. Fyrir Ólympíuleikana 2012 stóðu fyrirtækin að vel heppnaðri markaðsherferð þar sem fjölskylda íþróttamannsins var í forgrunni.



TIL AÐ NÁ ÁRANGRI ÞARF AD EIGA GÓÐA FJÖLSKYLDU. VIÐ STYBJUM ÍSLENSKT AFREKSFÓLK Á ÓLYMPIULEIKUNUM Í LONDON. ÓLYMPIUFJÖLSKYLDAN.



Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna



Hópur af styrkþegum úr sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra ásamt foreldrum.

Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna miðar að því að styðja við og efla íþrótt-

iðkun framúrskarandi efnilegs íþróttafólks á aldrinum 15 – 18 ára. Samhliða fjárstuðning til sérsam-

banda og íþróttanefnda vegna verkefna eða þátttöku einstaklinga erlendis þá stendur stjórðurinn fyrir fræðsluviðburðum fyrir styrkþega sjóðsins. Markmið fræðslunnar er að veita þessum einstaklingum tækifæri á að bera saman bækur sínar við jafnaldra úr öðrum íþróttagreinum, deila upplýsingum ásamt því að fá leiðsögn í ýmsum málaflokkum sem taldir eru geta orðið þeim að liði. Á fræðsluviðburðunum hefur foreldrum jafnan verið boðið að koma og taka þátt með krökkunum.

Afreksstyrkir ÍSÍ

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands úthlutar árlega afreksstyrkjum til sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ úr þremur sjóðum. Um er að ræða Afrekssjóð ÍSÍ, Styrktarsjóð ungra- og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna og sjóð Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. Í janúar 2012 var úthlutað rúmlega 83 m.kr. úr þessum sjóðum eða rúmlega 67 m.kr. úr Afrekssjóði ÍSÍ, 10 m.kr. úr Sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna og 5 m.kr. úr sjóði Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. Íþróttafólk sérsambanda er flokkað í mismunandi flokka og styrkir veittir vegna þeirra. Þannig var einn aðili metinn í A flokk, 13 í B flokk, 7 í C flokk auk þeirra sem voru á eingreiðslustyrkjum Afrekssjóðs ÍSÍ og styrkja vegna landsliðsverkefna sérsambanda.

Þess má geta að fjárhagsáætlanir þeirra verkefna sem sótt var um fyrir í Afrekssjóð ÍSÍ námu hátt í 500 m.kr. og nam styrkveiting janúarmánaðar því um 14% af kostnaði.

Síðar á árinu úthlutaði Afrekssjóður ÍSÍ frekari styrkjum og voru þeir fyrst og fremst ætlaðir í tengslum við undirbúning keppenda fyrir Ólympíuleikana í London. Einn íþróttamaður var færður upp í A flokk og Sundsamband Íslands hlaut styrk vegna tveggja sundmanna er náðu lág-mörkum á leikana í London. Ríkisstjórn Íslands lagði til 15 m.kr. styrk til ÍSÍ sem úthlutað var í gegnum Afrekssjóð og var hann vegna undirbúnings fyrir leikana í London.

Á haustmánuðum var aftur úthlutað úr Afrekssjóði ÍSÍ og var það vegna A landsliðs kvenna í handknattleik auk þess sem að einn íþróttamaður var færður upp um flokk, eða í A flokk, og var það Jón Margeir Sverrisson sundmaður hjá Íþróttasambandi fatlaðra.



Frá úthlutun afreksstyrkja 2013.

Heildarúthlutun ársins úr Afrekssjóði ÍSÍ 2012 var því um 105 m.kr. auk þess sem að styrkir úr öðrum sjóðum námu rúmlega 15 m.kr.

Í janúar 2013 var úthlutað rúmlega 81 milljónum í afreksstyrki, um var að ræða 71 m.kr. úr Afrekssjóði ÍSÍ og 10 m.kr. úr Sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna. Töluverðar breytingar urðu á listum þeirra er hlutu A, B og C styrki sjóðsins, en alls voru 15 íþróttamenn skilgreindir á þeim styrkjum auk 6 aðila á eingreiðslustyrkjum sjóðsins. Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ lagði til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að breyta áherslum í styrkveitingum fyrir árið 2013 þannig að ákveðin verkefni sérsambanda væru styrkt úr sjóðnum og átti það jafnt við verkefni landsliða, hópa og einstaklinga. Allir styrkir sjóðsins eru líkt og áður veittir til sérsambanda ÍSÍ vegna ákveðinna verkefna sem sótt er um. Styrkir sem voru áður skilgreindir á einstaklinga eru nú færri og hærri upphæð er þannig veitt til sérsambanda til að ráðstafa í skilgreind verkefni. Auk þessa var ákveðið að hækka styrkuppþæðir A, B og

C styrkja en þær höfðu ekki tekið breytingum í áraradír. Það ber að ítreka að styrkir sjóðsins eru fyrst og fremst vegna kostnaðar við þátttöku í mótum og keppnum og undirbúnings vegna þeirra.

Sjóðsstjórnin lagði líka áherslu á að efla þjónustu fagteymis og fræðslu fyrir íþróttamenn sérsambanda. Þannig hlutu sérsambönd ÍSÍ styrki sem skulu nýttir í fræðslu og fyrirbyggjandi þætti frá skilgreindu fagteymi sérsambands eða ÍSÍ. Samhliða því eru sérsambönd hvött til þess að koma sér upp fagteymi sem skipað er fagaðilum á sviði læknisfræða, sjúkraþjálfunar, sálfræði, næringarfræði o.fl. fagstétta, sem sérþekkingu hafa á viðkomandi íþrótt.

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ fyrir árið 2013 hækkaði í 55 m.kr., en var árið 2012 34,7 m.kr. auk þess sem að sérstyrkur vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London að upphæð 15 m.kr. var úthlutað til sérsambanda ÍSÍ í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ. Afrekssjóður ÍSÍ er annars fjármagnaður með hlutdeild úr tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá samkvæmt ákvörðun Íþróttapings.



Frá úthlutun úr Afrekskvennasjóði í nóvember 2011.

Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ

Til Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSÍ var stofnað með stofnframlagi bankans árið 2007. Megin-

markmið sjóðsins er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda

sína íþrótt og ná árangri. Umsóknir í sjóðinn hafa endurspeglað kraft og metnað íslenskra íþróttakvenna.

Stuðningur við sérsambönd ÍSÍ

Árið 2006 var gerður samningur um framlag ríkisins til sérsambanda ÍSÍ til fjögurra ára. Stuðningur þessi hefur skipt sköpum fyrir sérsamböndin og gert þeim mögulegt að ráða til sín starfsmann í fullt starf eða hlutastarf. Þrátt fyrir þennan stuðning er nauðsynlegt að auka fjármagn til reksturs sérsambanda enn betur til að efla viðkomandi íþróttagreinar á landsvísu og til að gera þeim kleyft að standa undir kröfum samfélagsins um faglegt starf. Frá árinu 2006 hafa verið stofnuð fimm ný sérsambönd en þau eru nú alls 29 og búast má við að þrjú til fjögur ný sambönd verði stofnuð á næstu tveimur árum.

Á Fjárlögum Alþingis fyrir árið 2013 var framlag til sérsambanda ÍSÍ 70,0 m.kr

Verkefnasjóður

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar á hverju ári styrkjum til þjálfara sem hyggjast sækja námskeið eða fræðslu erlendis, auk þess að styðja við verðug útbreiðslu- og kynningarverkefni á landsvísu. Sambandsaðilar eru hvattir til að nýta sér árlegt fjármagn Verkefnasjóðs ÍSÍ til útbreiðslu og uppbyggingar. Reglugerð sjóðsins er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Alþjóða Ólympíuakademían

Á vegum Alþjóða Ólympíuakademíunnar eru árlega haldin ýmis námskeið í húsakynnum Ólympíuakademíunnar í Ólympíu hinni fornu. Meðal námskeiða sem boðið er uppá er námskeið fyrir íþróttafréttamenn, unga þátttakendur, verðlaunahafa af Ólympíuleikum og námsfólk sem leggur stund á Ólympískar rannsóknir.

Undanfarin ár hefur ÍSÍ sent tvo þátttakendur á námskeið ungra þátttakenda, karl og konu. Setningarathöfn námskeiðsins er á Pnyx hæðinni í Aþenu en námskeiðið sjálft í Ólympíu. Meðal þess sem



Sandra Mjöll Jónsdóttir og Sveinn Þorgeirsson á undirbúningsfundi vegna IOA 2012.

fram fer á námskeiðinu eru fyrirlestrar um Ólympíuhreyfinguna og gildi Ólympíuleikanna. Auk þess



hafa þátttakendurnir rúman tíma til að stunda ýmiss konar íþróttir og kynnst ríkulega búnu bókasafni akademíunnar. Árið 2011 var fjallað sérstaklega um sögu ólympískrar fræðslu á vegum Ólympíuakademíunnar í 50 ár. Þátttakendur voru þau Kristín Lilja Friðriksdóttir og Burkni Helgason. 2012 var áhersla lögð á umfjöllun um lýðræði og gildi þess í störfum Ólympíuhreyfingarinnar.

Hádegisfundir ÍSÍ

Yfir vetrartímamann býður ÍSÍ reglulega upp á hádegisfundir um ólík málefni íþróttar og hafa fyrirlesarar ýmist verið innlendir eða erlendir.

Dæmi um hádegisfyrirlestra eru:

- Unnur Björk Arnfjörð fjallaði um rannsókn á notkun próteinbæti-efna meðal 18 ára drengja.
- Kjartan Páll Þórarinnsson frá Þekkingarneti Þingeyinga og Sveinn Aðalgeirsson framkvæmdastjóri Íþróttafélagsins Völsungs á Húsavík fjölluðu um verkefni sem snýr að samningi við iðkendum til að sporna við neyslu vímuefna.
- Jón Sigfússon frá Rannsóknnum og greiningu sagði frá niðurstöðum úr rannsókninni Ungt fólk.
- Lyfjaráð ÍSÍ og Skúli Skúlason fjölluðu um lyfjamál frá ýmsum sjónarhornum
- Kostir og gallar getuskiptingar í íþróttum þar sem Vanda Sigurgeirsdóttir og Sigurður Ragnar Eyjólfsson skiptust á skoðunum um réttmæti þess að skipta börnum í lið eftir getu.



Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu heldur erindi á hádegisfundi ÍSÍ.

- Hádegisfundur ÍSÍ og UMFÍ um niðurstöður Ánægjuvogarinnar, fyrirlesarar á þeim fundi voru Dr. Viðar Halldórsson, Íris Mist Magnúsdóttir og Daði Rafnsson.
- ÍSÍ og Íþróttar- og heilsufræðibraut HÍ stóðu fyrir hádegisfundum þar sem Tomas Peterson prófessor í íþróttafélagsfræði við Háskólann í Malmö flutti erindi um rannsóknir sínar á getu- og aldurstengdum árangri unglunga í íþróttum.

Þjálfaramenntun ÍSÍ

ÍSÍ heldur úti menntakerfi fyrir þjálfara og fer námið fram í fjar-námi. 55 nemendur luku 1. stigi þjálfaramenntunar árið 2011 á vor-, sumar- og haustönn og 91 nemandi á jafn mörgum námskeiðum árið 2012. Samtals er um 60 kennslustunda nám að ræða eða sem samsvarar ÍPF 1024 í framhaldsskólum.

12 nemendur luku 2. stigi árið 2011 á einu námskeiði, en 28 nemendur árið 2012 á tveimur námskeiðum vor- og sumar. Unnið er að uppsetningu náms fyrir 3. stig þjálfaramenntunar ÍSÍ. Nám á 4. og 5. stigi þjálfaramenntunar ÍSÍ er á háskólastigi og verður unnið í samstarfi við háskóla landsins.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Frá Íþróttapingi 2011 hafa 23 viðurkenningar verið afhentar en þar af eru 16 endurnýjanir. Fjöldi íþróttafélaga sem fengið hafa viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ frá upphafi verkefnisins 2003 er nú 57. Útskriftir félaga og deilda frá upphafi eru 118 og hafa alls 166 viðurkenningar verið afhentar, ef með eru taldar endurnýjanir. Fimmtán héraðssambönd/íþróttabandalög eiga nú eitt eða fleiri fyrirmyndarfélag innan sinna raða. Alls koma 25 íþróttagreinar við sögu innan fyrirmyndarféлага/-deilda ÍSÍ.

Fyrirmyndarfélag þurfa að endurnýja viðurkenningu sína á fjögurra ára fresti. Við endurnýjun viðurkenninga senda félög inn til ÍSÍ þar til gerð skjöl þar sem m.a. koma fram fjölmargir kostir þess að vera fyrirmyndar-



Fyrirmyndarfélagið Umf. Selfoss.

félag. Kostirnir eru af ýmsum toga s.s. fjárhagslegum, félagslegum og skipulagslegum. ÍSÍ hyggst efla þetta verkefni enn frekar og er það von ÍSÍ að íþróttafélög og deildir taki því vel og sjái hag sinn og kost í því að hljóta þessa viðurkenningu.



Fyrirmyndardeild ÍSÍ - Skotdeild Keflavíkur.



Fyrirmyndarfélagið ÍBV.

Ráðstefnur, málþing og fundir

Nokkrar ráðstefnur og málþing hafa verið haldin á síðastliðnum tveimur árum. Hér verður minnst á nokkrar þeirra:

- Stór norræn ráðstefna um barna- og unglingsíþróttir fór fram í Lillehammer í Noregi í september 2011. Átta sérsamböndum/íþróttanefndum var boðin þátttaka á ráðstefnunni, en auk sviðsstjóra sóttu eingöngu aðilar frá Fimleikasam-

bandi Íslands og Landssambandi hestamannafélaga ráðstefnuna.

- ÍSÍ bauð upp á fund í Laugar- dalnum vorið 2012 um þjálfaramenntun þar sem saman komu forystuaðilar af öllum Norðurlöndunum.
- ÍSÍ var samstarfsaðili ÍBR og HR í framkvæmd ráðstefna um afreksíþróttir sem haldnar voru í janúar 2012 og 2013 í tengslum við RIG (Reykjavík International Games).
- ÍSÍ bauð upp á ráðstefnu í mars 2012 undir yfirskriftinni „Þátttaka í alþjóðastarfi“.
- Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Háskóli Íslands héldu sameiginlega ráðstefnu í tilefni þess að skrifað var undir viljayfirlýsingu um samstarf og bar ráðstefnan yfirskriftina „Skipta íþróttir máli?“
- ÍSÍ hafði frumkvæði að því að boða til málþings um íþróttadómara í

samstarfi við KSÍ, HSÍ, KKÍ og BLÍ. Málþingið var haldið í mars 2012.

- Málþing var haldið um baráttu gegn hagræðingu úrslita í íþróttum í samstarfi við Íslenska Getraunir í mars 2013.



Frá ráðstefnu um afreksíþróttir í tengslum við Reykjavík International Games - RIG.

Þjálfaramenntun sérsambanda

Talsverð vinna hefur verið unnin í fræðslumálum sérsambanda og er staða þeirra mála hjá mörgum samböndum orðin ágæt enda mikil vinna farið fram við endurskipulagningu og mörkun stefnu í málaflokknum. Önnur sérsambönd eru styttra á veg komin.

Forvarnardagurinn

ÍSí hefur komið að Forvarnardegi forseta Íslands frá upphafi. Flestir 9. bekkir í grunnskólum landsins eru þátttakendur í verkefninu. Hluti verkefnisins var færður inn í 10. bekk grunnskólanna og 1. bekk í framhaldsskóla árið 2012. Forvarnardagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum og eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Niðurstöður verkefnisins eru unnar út frá skoðunum unglinganna sjálfra og líklegt má telja að þær aðferðir sem þeir stinga upp á virki vel. Heilræðin má finna á heimasíðunni www.forvarnardagur.is.



Forsetahjónin heimsóttu skóla á Akureyri á Forvarnardeginum 2012.

Norrænar skólaípróttir

ÍSí tók við umsjón og utanumhald Norræna skólahlaupsins af mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir nokkrum árum. Þátttaka grunnskólanna í hlaupinu er góð, en yfir 45 skólar tóku þátt 2012. Um 13.000 nemendur hlupu samtals ríflega 51.000 km. Annað verkefni hóf göngu sína fyrir tveimur árum undir heitinu „Prekraunir“. Það er samnorrænt verkefni þar sem 7. og 8. bekkjum á Norðurlöndunum gefst kostur á að keppa í ákveðnum líkamsæfingum. Kennari þeirra skráir árangurinn inn á heimasíðu verkefnisins. Verðlaun eru veitt fyrir besta heildarárangur bekkjar, bæði í 7. og 8. bekk. Þess má geta að Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar fékk 1. verðlaun í keppni 8. bekkja haustið 2012. „Prekraunir“ er góður undanfari íslenska verkefnisins „Skólahreysti“ sem er sérstaklega ætlað nemendum í 9. og 10. bekk í grunnskólum landsins.

Samstarf við menntastofnanir



Heimsókn frá Háskóla Íslands.

ÍSí hefur á undanförunum árum verið í góðu samstarfi við framhaldsskóla og háskóla landsins um ýmis fræðsluverkefni. Samstarf ÍSí og framhaldsskólanna felst m.a. í því að námsefni á 1. stigi þjálfaramenntunar ÍSí samsvarar námi í ÍþF 1024 í framhaldsskólunum. ÍSí hefur einnig

átt ágætt samstarf við HÍ og HR. Fjöldi grunnskóla notar námsefni frá ÍSí í íþróttavali elstu bekkja og er það sama námsefni og kennt er á þjálfaranámskeiði 1a hjá ÍSí. Talsvert er einnig um skólaheimsóknir til ÍSí bæði frá mennta- og háskólum.

Ánægjuvogin

Rannsóknir og greining hafa í 20 ár gert rannsóknir á högum og líðan barna og unglunga á Íslandi. Árið 2012 fengu ÍSÍ og UMFÍ að setja spurningar inn í könnunina Ungt fólk 8.-10. bekkur sem miðuðu að því að kanna ánægju unglunga með íþróttafélagið sitt, þjálfun, aðstöðu, þjálfara og áherslur í þjálfuninni.

Ákveðið var að kynna heildarniðurstöður rannsóknarinnar á nokkrum stöðum úti á landi ásamt niðurstöðum í viðkomandi héraði fyrir sig og fengu ÍSÍ og UMFÍ dr. Viðar Halldórsson til að sjá um kynningararnar. Þær fóru fram í Borgarnesi, á Ísafirði, Blönduósi, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi, auk Reykjavíkur. Fulltrúar héraðssambanda, félaga, skóla og sveitarfélaga voru boðaðir á fundina. Í lok fundar fengu viðkomandi íþróttahéruð skýrslur með niðurstöðum úr sínu héraði sem þau gátu dreift á meðal sinna félaga og til sveitarfélagsins.



Niðurstöðurnar eru mjög jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna og sýna m.a.:

- að um 85% iðkenda í 8.-10. bekk eru ánægðir með íþróttafélagið sitt,
- rúmlega 83% eru ánægðir með þjálfarann,
- um 80% eru ánægðir með aðstöðuna,
- yfir 85% þykir gaman á æfingunum.

Fram kom að vímuefnaneysla er mun lægri hjá unglingum sem æfa íþróttir með íþróttafélagi en þeim sem æfa

ekki íþróttir eða stunda íþróttir utan íþróttafélags. Sú skuldbinding sem felst í því að stunda íþróttir innan íþróttafélags, undir handleiðslu þjálfara og innan þess aga sem krafist er, virðist gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að forvarnargildi gegn vímuefnanotkun.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að ánægja unglunga innan íþróttar er mjög mikil og íþróttafélög um allt land standa vel að starfinu.

Samstarfssamningur ÍSÍ og HÍ

Í nóvember 2012 undirrituðu Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands og Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ viljayfirlýsingu um samstarf. Auknar rannsóknir á sviði íþróttar og efling íþróttastarfs eru meðal áhersluefna í viljayfirlýsingunni.

Markmið viljayfirlýsingarinnar er að setja samstarfið í ákveðnari og skýrari farveg en möguleikar á samstarfi liggja víða. HÍ og ÍSÍ sam-mælast um að vinna í sameiningu að fjölbreyttum verkefnum. Þannig á að vinna að uppbyggingu og framgangi afreksmiðstöðvar í íþróttum, efla faglegt umhverfi íþróttahreyfingarinnar með þátttöku fræðasviða Háskólans. Þá hyggjast HÍ og ÍSÍ standa sameiginlega að ráðstefnum og málþingum með aðkomu innlendra og



Forseti ÍSÍ og rektor HÍ undirrita samstarfssamning í höfuðstöðvum ÍSÍ í Laugardal.

erlendra aðila. Enn fremur ætla HÍ og ÍSÍ að vinna saman að eflingu grunn- og símenntunar íþróttþjálfara á sem flestum stigum íþróttastarfsins og auka jafnframt þróunarstarf og rannsóknir á sviði íþróttar. Það verður m.a. gert með því að beina framhaldsnemum við háskólann í verkefni sem tengjast íþróttum, til dæmis

rannsóknir á sviði afreksíþróttar, barna- og æskulýsstarfs, íþróttastjórnunar, almenningsíþróttar og lyfjamála.

Skipaður verður sérstakur samstarfshópur til tveggja ára með fulltrúum beggja aðila og verður það í verkahring hans að fylgja viljayfirlýsingunni eftir.



Fjöldmenni var á ráðstefnunni „Skipta íþróttir máli?“ sem ÍSÍ og HÍ stóðu í sameiningu fyrir í nóvember 2012.



Þátttakendur ásamt Helgu H. Magnúsdóttur úr framkvæmdastjórn ÍSÍ, Hafrúnu Kristjándóttur sálfræðingi úr Fagteymi ÍSÍ, Einari Einarssyni og Tim Harkness.

Afrekssjóður ÍSÍ – námskeið fyrir landsliðspjálfara

Í ársbyrjun 2013 stóð Afrekssjóður ÍSÍ í samstarfi við Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ fyrir því að fá Tim Harkness yfirsálfræðing hjá Chelsea FC til þess að halda eins dags námskeið fyrir landsliðspjálfara sérsambandanna. Landsliðspjálfarar frá 16 mismunandi íþróttagreinum tóku þátt. Tim fjallaði um mikilvægi þess

að íþróttamaðurinn eigi sér annað líf fyrir utan íþróttirnar. Hann fjallaði um hættuna á því að hæðir og lægðir tengdar íþróttum geti valdið kvíða, stressi og röngu spennustigi í keppni ef íþróttirnar eru það eina sem skiptir íþróttamanninum máli. Fjallað var um hvernig þjálfarar geta hjálpað íþróttamanninum í þessu samhengi.

Í lok námskeiðsins var Einar Einarsson hjá KINE með stutta kynningu á nýjum búnaði sem KINE hefur þróað og mælir stökkkraft og hæð á mjög einfaldan hátt. Námskeiðið mæltist vel fyrir og er áætlað að framhald verði á fræðslu sem þessari fyrir landsliðspjálfara í framtíðinni.



Útgáfumál

ÍSÍ hefur gefið út fjölda bæklinga um hin ýmsu málefni sem snerta íþróttastarfið. Bæklingarnir eru aðgengilegir á heimasíðu ÍSÍ og flestir þeirra eru einnig gefnir út í prentútgáfu.

Skólahreysti

Skólahreysti er skólakeppni í hreysti í 9. og 10. bekk grunnskóla. ÍSÍ hefur frá upphafi keppinnar árið 2006 verið samstarfsaðili um verkefnið. Þátttaka hefur farið stöðugt vaxandi ár frá ári og er „Skólahreysti“ orðinn liður í íþróttakennslu víða um land. Hugmyndasmiður verkefnisins er Andrés Guðmundsson og hefur hann, ásamt konu sinni, verið óþreytandi í að þróa og efla þetta verkefni. Hægt er að kaupa áhöld sem nýtast til kennslu í keppnisgreinum Skólahreysti og hægt er að fá sérstaka



velli sem settir eru upp utandyra. Sýnt hefur verið frá „Skólahreysti“ í Ríkissjónvarpinu síðustu árin og hefur það orðið til að auka útbreiðslu og áhuga enn frekar.

Ólympíudagurinn



Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 23. júní, ár hvert. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands skipuleggur í samstarfi við sambandsaðila ÍSÍ og Ólympíufjölskyldu ÍSÍ íþróttaviðburði í tilefni dagsins. Í tilefni afmælis ÍSÍ á síðasta ári var tekin upp sú nýbreytni að halda „Ólympíuviku ÍSÍ“. Meðal þess sem í boði var í Ólympíuvíkunni var strandblak, skylmingar, bogfimi, frjálsíþróttir, keila, Knattþrautir KSÍ, Sunddagar SSÍ, Golfdagur GSÍ og margt fleira. Mörg íþróttafélög og frístundaheimili hafa tekið virkan þátt á undanförunum árum t.d. með ólympíubema í sínu starfi alla vikuna. Í tengslum við vikuna hafa ólympíufarar og



Hvað ungur nemur, gamall temur.

afreksíþróttafólk heimsótt fjölmarga staði við góðan orðstír. Sambandsaðilar ÍSÍ eru hvattir til þess að nýta sér Ólympíudaginn til þess að kynna sína íþrótt, tengja afreksfólk sitt við barnastarfið og halda á lofti gildum Alþjóðaólympíunefndarinnar.



Barátta gegn munntóbaksnotkun

Barátta gegn munntóbaksnotkun er viðvarandi barátta sem vart verður leyst með skammtímaátaki, heldur þarf hugarfarsbreytingu til framtíðar. Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands standa að kröftugri herferð gegn munntóbaksnotkun í samstarfi við fyrirtækið Margmiðlun.

Herferðin beinist að íþróttamönnum og hlutverki þeirra og skyldum sem fyrirmyndir og er fyrirmyndarhlutverkið þemað í herferðinni. Þar birtast þekktir einstaklingar úr íþróttahæiminum og lýsa andstöðu sinni við munntóbaksnotkun. Herferðin er í formi veggspjalda, skjáauglýsinga, sjónvarpsauglýsinga, blaða- og netauglýsinga. Nýjustu rannsóknir sýna að verulegur árangur hefur náðst í forvörnum gegn munntóbaki hjá unglingum í 8.-10. bekk sem stunda íþróttir með íþróttafélagi.



Verum „svöl“ – höfnum munntóbaki.

Áttavitinn

Á heimasíðu ÍSÍ má finna fræðsluefni sem kallast Áttavitinn. Í Áttavitinum er fræðsluefni um íþrótta- og ólympíuhreyfinguna á Íslandi. Þar er að finna hagnýtar upplýsingar varðandi skipulag og rekstur eininga innan íþróttahreyfingarinnar.

Fararstjóranámskeið

ÍSÍ bauð upp á fararstjóranámskeið á nokkrum stöðum á landinu árið 2012. Námskeiðin voru vel sótt og góður rómur gerður að því sem þar fór fram. Farið var í helstu þætti sem huga þarf að og falla undir verkefni fararstjóra í íþróttiferðum, bæði í ferðum innanlands og utan. Meðal annars var rætt um samvinnu íþróttapjálfa og fararstjóra, viðbrögð við agabrotum og neyðarástandi o.fl. Gústaf Adólf Hjaltason úr framkvæmdastjórn ÍSÍ hafði veg og vanda að námskeiðunum.

Lífshlaupið

Lífshlaupið var fyrst ræst 4. mars árið 2008. Markmið verkefnisins er að hvetja landsmenn til daglegrar hreyfingar þar sem farið er eftir ráðleggingum Embættis landlæknis um hreyfingu. Til að vera gjaldgengir þátttakendur í Lífshlaupinu þurfa börn og ungmenni að hreyfa sig í minnst 60 mínútur á dag og full-orðnir í minnst 30 mínútur á dag. Lífshlaupið höfðar til allra landsmanna þar sem hægt er að taka þátt í einstaklingskeppni, sem er í gangi allt árið, vinnustaða- og grunnskóla-keppni sem er í gangi í febrúar ár hvert og síðan framhaldsskóla-keppni sem fer fram í október.

Í rannsókn sem lögð var fyrir þátttakendur í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins 2011 kom fram að um 88% þátttakenda segja að þátttaka í Lífshlaupinu hafi hvatt þá til þess að hreyfa sig meira. Þá voru 94% þátttakenda sem hreyfðu sig þrisvar til sjö sinnum í viku á meðan að þeir tóku þátt í verkefninu í febrúar. Niðurstöðurnar sýndu einnig að stór hópur þátttakenda hreyfðu sig oftar í viku fimm mánuðum eftir að þátttöku lauk, ef borin er saman hreyfing þeirra áður en þeir tóku þátt í verk-



Vinningshafar í grunnskóla-keppni Lífshlaupsins 2013.



efninu. Flestir þátttakendur sögðu að ástæðan fyrir þátttöku sinni vera heilsusamleg áhrif en einnig var Lífshlaupið skemmtilegur viðburður að taka þátt í með vinnustaðnum. Samstarfsaðilar Lífshlaupsins eru: velferðarráðuneyti, mennta- og menningamálaráðuneyti, Embætti



Sjóvá, liðið Campioni.

landlæknis, Advania, Rás 2 og Ávaxtabíllinn.

Nánari upplýsingar og úrslit má finna á www.lifshlaupid.is

Lífshlaup framhaldsskólanna, nýtt verkefni hjá Almenningsíþróttasviði ÍSÍ



Sigurvegarar í Lífshlaupi framhaldsskólanna.

Lífshlaup framhaldsskólanna fór fram í fyrsta sinn dagana 3. – 16. október 2012. Það voru 16 skólar sem tóku þátt með 6.500 nemendum og starfsfólki skólanna. Keppt var um að ná sem flestum dögum í hreyfingu og var skólunum skipt upp í þrjá flokka miðað við heildarfjölda nemenda og starfsfólks. Fjölbrautarskóli Suðurnesja, Flensborgarskóli og Menntaskólinn að Laugarvatni voru í fyrsta sæti í sínum flokkum. Í öðru sæti voru Verzlunarskóli Íslands, Kvinnaskólinn í Reykjavík og Framhaldsskólinn á Húsavík. Í þriðja sæti voru Menntaskólinn á Egilsstöðum, Fjölbrautarskóli Vesturlands og Fjölbrautarskólinn við Ármúla. ÍSÍ hlaut styrk frá Ólympíusamhjálpinni til að fara í þetta verkefni.

Einstaklingskeppni Lífshlaupsins í gangi allt árið

Á hverju Lífshlaupsári gefst þátttakendum í einstaklingskeppninni kostur á að vinna sér inn brons-, silfur-, gull-, og plátínúmerki eftir að þeir hafa náð ákveðnum fjölda daga í hreyfingu. Um 1000 einstaklingar skrá reglulega inn sína hreyfingu á vefinn á hverju ári. Í einstaklingskráningunni er hægt að halda dagbók um t.d. matarvenjur og líkamsástand. Einnig er hægt að skoða í tölfraeðhlutanum hvort ráðleggingum Embættis landlæknis um hreyfingu sé náð.

Á lífshlaupsárinu 2012 - 2013 náðu 14 einstaklingar að hreyfa sig í 335 daga samfelld og fjórir af þeim tóku við viðurkenningarskjali og plátínúmerki við opnun Lífshlaupsins.



Lísbet Grímsdóttir, Guðbjartur Guðbjartsson, Hlöðver Örn Vilhjálmsson og Bjarni Kr. Grímsson, taka við viðurkenningum sínum.

Göngum í skólann



Frá setningu Göngum í skólann í Kelduskóla í Grafarvogi. Hér má sjá þau Ólaf Rafnson, forseta ÍSÍ og Árnýju Ingu Pálsdóttur, skólastjóra með fána Göngum í skólann.

Göngum í skólann er alþjóðlegt verkefni. Árlega taka milljónir barna þátt í yfir fjórtíu löndum víðs vegar um heim. Ísland tók fyrst þátt árið 2007. Þátttakan hér á landi hefur vaxið jafnt og þétt og árið 2012 tóku 63 skólar þátt út um allt land, sem er nýtt þátttökumet. Megin markmið Göngum í skólann eru að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan

hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu fyrir vistvænan ferðamáta og umhverfismálum og það hversu „gönguvænt“ umhverfið er. Göngum í skólann fer fram í áttunda sinn í september 2013. Þeir sem standa að Göngum í skólann héraendis eru Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, mennta- og



Nemendur í Kelduskóla í Grafarvogi að ganga í skólann.

menningarmálaráðuneytið, Embætti landlæknis, Ríkislögreglustjóri, Slysavarnarfélagið Landsbjörg, Umferðarstofa og Landssamtökin Heimili og skóli.


Nánari upplýsingar og skemmtilegt efni frá skólunum er að finna á www.gongumiskolann.is.



Sigurvegarar í Hjólað í vinnuna 2012.

Hjólað í vinnuna

Hjólað í vinnuna rúllaði af stað í tíunda sinn í maí 2012 en verkefnið var fyrst ræst 18. ágúst árið 2003. Megin markmið Hjólað í vinnuna er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfsvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Þátttakan hefur aukist um 2.035% eða úr 533 þátttakendum árið 2003 í 11.381 árið 2012. Árið 2012 skráðu 666 vinnustaðir 1679 lið til leiks. Keppt er um flesta þáttökudaga miðað við heildarfjölda starfsmanna á vinnustaðnum. Einnig geta lið skráð sig til leiks í sér kílómetrakeppni. Þátttakendur leggja mikið á sig fyrir sinn vinnustað. Árið 2012 voru hjólaðir 741.449,63 km eða 553,73 hringir í kringum landið. Við það spöruðust um 133 tonn af útblæstri CO₂, 14 milljónir króna í bensín og brenndar voru um 28 milljónir kaloríá, sé miðað við 80 kg mann sem ekur á fólksbíl. Í rannsókn sem lögð var fyrir liðsstjóra Hjólað í vinnuna árið 2011 kom fram að um 75% þeirra segja að þátttakan í Hjólað í vinnuna hafi hvatt



Þróun á þátttöku frá upphafi í Hjólað í vinnuna.

Þá til þess að nota virkan ferðamáta oftast í og úr vinnu. 31% höfðu tileinkað sér þennan ferðamáta í meira en tólf mánuði fyrir þátttöku í verkefninu, fleiri karlar en konur. 50% þátttakenda notuðu virkan ferðamáta fimm til sjö sinnum í viku á meðan að verkefnið stóð yfir eða í maí 2011. Rannsóknin sýndi einnig að 34% þeir sem höfðu aldrei nýtt sér virkan ferðamáta fyrir þátttöku í Hjólað í vinnuna voru farnir að ganga eða hjóla einu til fjórum

sinum í viku fimm mánuðum eftir þátttöku í verkefninu. Hjólað í vinnuna fer fram dagana 8. – 28. maí 2013. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu verkefnisins eða www.hjoladivinnuna.is. Aðalstyrktaraðili verkefnisins er Valitor. Aðrir samstarfsaðilar eru: Embætti landlæknis, Rás 2, Advania, Örninn, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og Landssamtök hjólreiðamanna.



Sigurvegjarar í ljósmyndakeppni verkefnisins.

Hjólað í skólann

Í tengslum við Evrópska samgönguviku sem var haldin dagana 16. til 22. september árið 2012 voru nemendur og starfsmenn allra framhaldsskóla hvattir til að hjóla í

skóla/vinnu þá viku. Að verkefninu auk ÍSÍ stóðu Hjólafærni, Embætti landlæknis og Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar.

Kaffitjöld Hjólað í vinnuna

Kaffitjöld Hjólað í vinnuna eru sett upp á fimm stöðum víðsvegar um höfuðborgarsvæðið einn morgun á meðan verkefnið stendur yfir. Árið 2012 hjóluðu um 800 manns við og fengu sér kaffi frá Kaffitári og Kristal frá Ölgerðinni. Reiðhjólaverslunin Örninn hefur einnig verið með viðgerðarmenn á svæðinu og meðlimir í hjólreiðarklúbbum hafa kynnt starfsemi sína. Árið 2012 var leitað til aðildarfélaganna ÍSÍ út um allt land að setja upp kaffitjöld á sínu svæði. Kaffitjöld voru sett upp á Selfossi, Akureyri, Dalvík, Siglufirði og Ólafsfirði og voru fjölmargir sem hjóluðu við og nutu veitinga.



Hjólareiðamenn gæða sér á kaffi og Kristal í kaffitjaldi Hjólað í vinnuna við Geirsnef.

Hjólað í vinnuna hlaut viðurkenningu

ÍSÍ hlaut viðurkenningu fyrir heilsu- og hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna, fyrir frábær störf í tengslum við hjólreiðar og bættar og betri samgöngur í Reykjavíkurborg. Jón Gnarr, borgarstjóri, afhenti þeim Hafsteini Pálssyni, formanni Almenningsþróttasviðs ÍSÍ og Líney Rut Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra ÍSÍ, viðurkenninguna í lok ráðstefnunnar Hjólum til framtíðar sem haldin var í Iðnó í upphafi samgönguviku í september árið 2011. Viðurkenningin er keramikskál sem ber heitið Eyjafjallajökull eftir listakonuna Ingu Elínu.

Samgönguhjólreiðar

Árið 2012 stóð ÍSÍ í samvinnu við Hjólafærni fyrir fyrirlestur um samgönguhjólreiðar og viðhald á hjólum á fjórum stöðum á landinu; Akureyri, Reykjavík, Egilsstöðum og Selfossi. ÍSÍ er einnig samstarfsaðili að ráðstefnunni Hjólum til framtíðar sem haldin hefur verið síðustu tvö ár.



Þátttakendur á Selfossi.



Kvinnahlaupskonur í Garðabæ.

Kvinnahlaupið

Fyrsta Kvinnahlaup ÍsÍ var haldið 30. júní árið 1990 í tengslum við Íþróttahátíð ÍsÍ. Á þessum 23 árum hefur Kvinnahlaupið vaxið og dafnað og er útbreiddasti og fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi ár hvert. Árið 1990 tóku um 2.500 konur þátt í fyrsta Kvinnahlaupinu sem fór fram á átta stöðum um landið. Nú síðustu ár taka um 15.000 konur þátt á 100 stöðum hérlendis og á um 20 stöðum erlendis sem sýnir útbreiðslu Kvinnahlaupsins.



Elín Þórunn Eiríksdóttir, Sjóvá, Stella Sigurðardóttir, landsliðskona í handknattleik, Soffía Bragadóttir, sjálfboðaliði, Ingibjörg Berggrós Jóhannsdóttir, formaður Kvinnahlaupsnefndar ÍsÍ og Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins gefa fyrstu brjóstahöldin í söfnunina.

Á hverju ári er hlaupið tileinkað ákveðnu þema og slagorði til að vekja athygli á málefnum er varða heilsu kvenna. Þema hlaupsins árið 2012 var „Hreyfing til fyrirmyndar“ að tilefni 100 ára afmælis ÍsÍ þar sem konur á öllum aldri voru hvattar til þess að hreyfa sig reglulega og vera hluti af íþróttahreyfingunni sem iðkendur, leiðtogar, sjálfboðaliðar eða foreldrar. Einnig var ákveðið, í samstarfi við Rauða krossinn, að beina sjónum að þeim skorti á nærfötum sem ríkir víða í bágstöddum löndum. Með átakanu vilja aðstandendur hvetja konur sem taka þátt í kvinnahlaupinu að láta gott af sér leiða, en reynsla Rauða krossins er sú að fatnaður af þessu tagi skilar sér síður í hefðbundnum fatasöfnunum en annar fatnaður. Sjóvá hefur verið aðalbakhjarl Kvinnahlaupsins frá árinu 1993 eða í 20 ár. Aðrir samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Ölgerðin, NIVEA, Morgunblaðið og Merrild.



Konur á öllum aldri hreyfa sig saman í kvinnahlaupinu.

Heimasíða Kvinnahlaupsins er vistuð hjá Sjóvá.

Í ár fer Sjóvá Kvinnahlaup ÍsÍ fram 8. júní í 24. sinn og verður þema hlaupsins unnið í samstarfi við styrktarfélagið Göngum saman. Nánari upplýsingar um hlaupið og myndir er hægt að nálgast á www.sjova.is.



ÍSí og UMF Stjarnan í Garðabæ undirrituðu nýjan samstarfssamning um Sjóvá Kvannahlaup ÍSí

Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSí, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, formaður kvannahlaupsnefndar ÍSí og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMF Stjörnunnar undirrituðu þriggja ára samning um Sjóvá Kvannahlaup ÍSí 19. desember 2012. Kvannahlaupið hefur frá upphafi verið haldið í Garðabæ þar sem þúsundir kvenna koma saman og spretta úr spori.



Við undirritun samningsins í desember 2012.

Málþing um konur og íþróttir

Almenningsíþróttasvið ÍSí stóð fyrir tveimur málþingum um konur og íþróttir, annars vegar um konur í stjórnunarstöðum og hins vegar um brottfall stúlkna úr íþróttum. Málþingin voru boðsþing þar sem fulltrúum frá aðildarfélögum ÍSí var boðið að senda fulltrúa sína. Farið var yfir stöðuna í dag en megin áhersla var lögð á að fá hugmyndir frá þingfulltrúum um hvernig við getum staðið betur að þessum málaflökkum. Fjölmargar hugmyndir komu fram sem munu án efa efla og styðja við starf ÍSí.



Þátttakendur á málþingi.

Stafganga



Þátttakendur á stafgöngudegi ÍSí.

ÍSí hefur unnið að uppbyggingu íþróttarinnar síðan vorið 2003. Almenningsíþróttasvið ÍSí hefur staðið fyrir stafgöngudegi ár hvert og hefur verið gengið frá nokkrum stöðum á landinu. Um 150 einstaklingar hafa sótt leiðbeinendanámskeið ÍSí í stafgöngu. Námskeiðin hafa verið haldin árlega í Reykjavík

en hafa einnig farið fram á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Reyðarfirði. Endurmenntundarnámskeið fyrir stafgönguleiðbeinendur hafa einnig verið haldin sem fjölmargir hafa sótt. ÍSí er í samstarfi við íþróttifræðasvið háskólanna þar sem íþróttin er kynnt fyrir nemendum.



Hermann Sigtryggson, formaður nefndar um íþróttir 60+ ávarpar gesti á fræðslufundi í Mosfellsbæ.

Nefnd um íþróttir 60+

Markmið nefndarinnar er að efla íþróttastarf eldri borgara, vinna að fræðslumálum og standa fyrir viðburðum tengdum íþróttum fyrir aldersflokkinn 60+. Árið 2012 var ÍSí samstarfsaðili Háskólans á Akureyri að ráðstefnu um heilsueflingu eldri borgara þar sem Hermann Sigtryggson, formaður nefndar ÍSí um íþróttir 60+, setti ráðstefnuna, Ástbjörg Gunnarsdóttir, leikfimifrömuður var með liðkunaræfingar á milli erinda og Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri almenningsíþróttasviðs ÍSí kynnti stafgöngu. Nefndin hefur einnig kynnt sér stafsemi félags eldri borgara á nokkrum stöðum og heimsótti nefndin aðstandendur félagsstarfs í Mosfellsbæ og Álftanesi á síðasta ári.



Nefnd um íþróttir 60+ ásamt fulltrúum eldri borgara á Álftanesi.



Þátttakendur á ráðstefnunni á Akureyri að gera liðkandi æfingar sem Ástbjörg Gunnarsdóttir stjórnaði.

Norrænt samstarf

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands er í góðu samstarfi við önnur norræn sambönd sem sinna málaflokknum íþróttir í fyrirtækjum. Flest Norðurlandanna eru með sér sambönd/félagasamtök sem sinna þessum málaflokki. 18 fulltrúar frá norrænu fyrirtækjasamböndunum sóttu fund sem Almenningsíþróttasvið ÍSÍ hélt á Akureyri 8. – 11. september 2011. Ásamt því að fjalla um málefnið var farið með hópinn í skoðunarferð um Mývatn, hvalaskoðun á Húsavík og hestbak í Eyjafirðinum.



Þátttakendur á norrænum fundi sambanda um íþróttir í fyrirtækjum.

Ólympíusamhjálpin styrkir almenningsíþróttaverkefni



Íþróttá- og Ólympíusambandið hlaut styrki frá Ólympíusamhjálpinni til þess að efla málaflokkana „Konur og íþróttir“, umhverfismál og almenningsíþróttir.

Styrkirnir voru notaðir m.a. til að halda tvö málþing, um „Brottfall stúlkna úr íþróttum“ og svo „Konur í stjórnunarstöðum innan íþróttahreyfingarinnar“. Lífshlaup framhaldsskólanna var haldið í fyrsta sinn með tilstilli stuðnings Ólympíusamhjálparinnar. Fyrirhugað er að það verkefni verði haldið árlega. Þá er unnið að endurskoðun á umhverfisstefnu ÍSÍ.

Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa

Samkvæmt samkomulagi frá árinu 2002 þá hefur ÍSÍ haft umsjón með endurgreiðslum á kostnaði íþróttaiðkenda vegna íþróttaslysa. Framlag ríkisins til ÍSÍ var í upphafi 20 m.kr. á ári. Erfið staða hefur verið hjá sjóðnum undanfarin ár þar sem gríðarleg hækkun hefur orðið á allri heilbrigðisþjónustu á meðan framlag til sjóðsins hefur bæði verið skert á fjárlögum og ekki verið uppreiknað miðað við vísitölubreytingar allt frá árinu 2002. Eftir efnahags-

hrunið 2008 fjölgaði umsóknum um endurgreiðslu úr sjóðnum einnig hratt því það þrengdi bæði að fjárhag heimila í landinu og rekstri íþróttafélaga.

Síðsumars 2010 var tekin ákvörðun í framkvæmdstjórn ÍSÍ að lækka endurgreiðsluhlutfall úr sjóðnum úr 80% niður í 40% til að standa undir áframhaldandi greiðslum úr sjóðnum. Í ljósi frekari skerðingar á fjárlögum mun endurgreiðsluhlutfall haldast óbreytt í 40% að

svo stöddu. Framlag til sjóðsins á fjárlögum 2013 er 17 m.kr. Mikil óánægja ríkir innan íþróttahreyfingarinnar vegna þessarar skerðingar og hafa einstakir sambandsaðilar sent áskorun til Velferðarráðuneytisins um hækkun á framlagi til sjóðsins.

Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa skipta miklu máli fyrir alla þá sem að máli koma og þá sérstaklega fjölskyldur íþróttaiðkenda sem verða fyrir íþróttaslysi.



Gauti Grétarson sjúkráþjálfari sýnir stöðuleikaæfingar með Ásdísi Hjalmsdóttur.

Afreksbúðir

Afrekssjóður ÍSÍ og sjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþrótta-
manna stóðu fyrir afreksbúðum í
október árið 2011. Markmiðið var
að gefa styrkþegum tækifæri á að
kynnast innbyrðis, ásamt því að veita

þeim fræðslu um samskipti, fram-
komu í fjölmiðlum, íþróttasálfræði,
lyfjaeftirlit, kynningu á stöðugleika-
æfingum. Einnig voru þeim kynntar
niðurstöður kynntar á rannsóknum
á veikleikagreiningu afreksíþrótta-

manna. Þá var fundað með nokkrum
landsliðsþjálfurum um hvernig mætti
efla samstarfsgrundvöll þjálfara
afreksíþrótta-
manna. Um 50 þátt-
takendur tóku þátt í afreksbúðunum.

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ

Á einni Ólympíuöðu (fjórum árum)
eru 10 ólympísk verkefni á dagskrá
ÍSÍ og á þessari Ólympíuöðu (2013-
2016) verða þau 11 talsins, þar sem
fyrirhugað er að fyrstu Evrópuleik-
arnir fari fram í Baku í Azerbajjan
sumarið 2015. Enn á eftir að ákveða
endanlega hvaða íþróttgreinar
verða á dagskrá, en reiknað er með
keppt verði í 25 íþróttgreinum.
Frekari upplýsingar um leikana verða
gefnar út síðar á árinu 2013.
Stóru verkefni eru að sjálfsgöðu
Vetrarólympíuleikar og Sumarólymp-
íuleikar, en á sömu árum og þeir eru

haldnir eru líka haldnir Ólympíuleikar
ungmenna og fóru þeir fyrstu fram
árið 2010. Þess á milli eru haldnar
Ólympíuhátíðir Evrópuæskunnar
annað hvert ár, bæði vetrar og
sumar, og Smáþjóðleikar Evrópu
sem eru eitt stærsta verkefni ÍSÍ á
þessu sviði.
Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ hefur
á undanföllum árum lagt mikla
áherslu á stefnumótun með sérsam-
böndum ÍSÍ auk þess að vinna að
umgjörð afreksstefnu íþróttahreyf-
ingarinnar. Fjöldmargir fundir hafa
verið haldnir með sambandsaðilum

og öðrum þeim sem koma að
málaflokkum afreksstefnu íþrótta-
hreyfingarinnar.





Styrkþegar fyrir Sochi 2014.

Ólympíusamhjálpin

Ólympíusamhjálpin er hluti af Alþjóðaólympíunefndinni og sú eining sem sér um fjárhagslegan stuðning við Ólympíunefndir heimsins. Sjónvarpstekjur af Ólympíuleikum skiptast í ákveðna hluta og fer Ólympíusamhjálpin með umsjón á þeim hluta sem fer til Ólympíunefnda. Á hverri Ólympíuöðu eru fjölmörg verkefni í gangi þar sem Ólympíunefndir geta sótt um skilgreinda styrki vegna afreksíþróttasem og almenningsíþróttasem, fræðslu og þróunar.

Fyrir Ólympíuleikana í London 2012 fékk ÍSÍ einstaklingsstyrki fyrir sjö íþróttamenn vegna undirbúnings þeirra fyrir Ólympíuleikana í London, auk styrks fyrir A-landslið karla í handknattleik. Fyrir Vetrarólympíuleikana í Sochi 2014 fengust fimm einstaklingsstyrkir, en er það í annað sinn sem slíkir styrkir eru í boði fyrir Vetrarólympíuleika. Auk þessara styrkja mun ÍSÍ sækja um styrki vegna undirbúnings álfumóta, fyrir Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar og

eins er verða styrkir í boði vegna Ólympíuleika ungmenna sem fara fram í Nanjing 2014.

Styrkþegar London 2012

Badminton samband Íslands – Ragna Ingólfssdóttir
Frjálsíþróttasamband Íslands – Ásdís Hjálmsdóttir
Frjálsíþróttasamband Íslands – Helga Margrét Þorsteinsdóttir
Handknattleikssamband Íslands – A-landslið karla
Júdosamband Íslands – Þormóður Árni Jónsson
Skotíþróttasamband Íslands – Ásgeir Sigurgeirsson
Skylmingasamband Íslands – Þorbjörg Ágústsdóttir
Sundsamband Íslands – Jakob Jóhann Sveinsson

Styrkþegar Sochi 2014

Skíðasamband Íslands – Brynjar Jökull Guðmundsson
Skíðasamband Íslands – Einar Kristinn Kristgeirsson

Skíðasamband Íslands – Helga María Vilhjálmssdóttir
Skíðasamband Íslands – María Guðmundsdóttir
Skíðasamband Íslands – Sævar Birgisson





Íslenski hópurinn á Smáþjóðaleikum í Liechtenstein 2011.

Liechtenstein 2011



14. Smáþjóðaleikar Evrópu fóru fram í Liechtenstein 30. maí til 5. júní 2011. 95 íslenskir keppendur kepptu í öllum 10 íþróttagreinunum sem keppt var í á leikunum. Þær voru frjálsíþróttir, sund, júdó, skotíþróttir, tennis, borðtennis, blak, strandblak, skvass og hjóltreiddar.

Alls vann Ísland til 68 verðlauna á leikunum. Af þessum 68 verðlaunum vann sundliðið til rúmlega 60% verðlauna okkar, þar af 14 af 20 gullverðlaunum. Hefur sundliðið aðeins tvisvar áður unnið til fleiri verðlauna á Smáþjóðaleikum.

Lúxemborg var sterkur andstæðingur að þessu sinni og stóð sig betur en oft áður. Þá voru Kýpurbúar sérstaklega sterkir í frjálsíþróttunum, og var þeirra lið skipað 44 keppendum meðan íslenska liðið taldi 14. Glæsilegir sigrar unnust þó í júdó, skotfimi og frjálsíþróttum, svo fátt eitt sé nefnt.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar – Trabzon 2011



Íslenski hópurinn í Trabzon 2011.

11. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í borginni Trabzon í Tyrklandi í júlí 2011. Tuttugu og tveir íslenskir keppendur tóku þátt í sex íþróttagreinum og stóðu sig vel, þótt að ekki hafi unnist til verðlauna að þessu sinni.

Fánaberi á setningarhátíð leikanna var Arna Stefanía Guðmundsdóttir, frjálsíþróttakona og á lokahátíð

Ólöf Edda Eðvarðsdóttir sundkona, en hún komst í B-úrslit í öllum þeim einstaklingsgreinum sem hún synti á leikunum.





Innsbruck 2012

Fyrstu Vetrarólympíuleikar ungmenna fóru fram í Innsbruck í Austurríki í janúar 2012. Leikarnir eru smækkuð útgáfa af Vetrarólympíuleikum fullorðna og er keppt í greinum sjö alþjóðasambanda. Ísland fékk kvóta fyrir þrjá keppendur, tvo í alpagreinum og einn í skíðagöngu. Jakob Helgi Bjarnason og Helga María Vilhjálmsdóttir voru keppendur Íslands í alpagreinum og Gunnar Birgisson í skíðagöngu.

Keppnin er ekki það eina sem skiptir máli á Vetrarólympíuleikum ungmenna því að fræðsla og menningardagskrá skipar stóran sess á leikunum og þurfa allir þátttakendur að taka virkan þátt í þeim viðburðum sem eru í boði.

Árangur keppenda var ágætur og náði Helga Margrét bestum árangri þeirra þriggja með 8. sæti í svigi stúlkna. Næstu vetrarleikar fara fram í Lillehammer í Noregi 2016.



Keppendur Íslands á fyrstu Vetrarólympíuleikum ungmenna.



Þátttakendur Íslands á Ólympíuleikunum í London.

London 2012

Ólympíuleikarnir í London voru án efa stærsti íþróttaviðburður ársins. Ísland sendi 27 keppendur á leikana auk fylgdarliðs og var keppt í sex íþróttgreinum; handknattleik karla, frjálsíþróttum, sundi, badminton, skotfimi og júdó.

Í tengslum við leikana var öflugt kynningarstarf á íþróttafólkinu og tengdist það á margan hátt afmælisári ÍSí. ÍSí sendi keppendur í sundi og frjálsíþróttum í æfingabúðir til Bath, en þær búðir voru styrktar af breska ríkinu, sem bauð öllum þátttökubjóðum stuðning við æfingabúðir í Bretlandi í undanfara leika.

Góð samvinna var við Sendiráð Bretlands og hélt sendiherra Breta, Ian Whitting, boð fyrir verðandi Ólympíufara sem og þá Íslendinga sem tóku þátt í leikunum 1948 í London. Eins var góð samvinna við starfsfólk sendiráðs Íslands í London. Kann ÍSí þeim bestu þakkir fyrir.

Forseti Íslands sem og forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra heimsóttu leikana og hitti íslensku þátttakendurna. Auk þeirra voru fulltrúar fyrirtækja í Ólympíufjölskyldu ÍSí viðstaddir leikana í London.

Árangur hópsins var með þeim betri sem náðst hefur á Ólympíuleikum

þótt ekki hafi náðst að vinna til verðlauna að þessu sinni. Karlalandslið Íslands í handknattleik náði bestum árangri Íslendinga á leikunum með því að hafna í 5. sæti.

Ólympíumót fatlaðra fór fram síðar um haustið og þar átti Ísland fjóra keppendur í sundi og frjálsíþróttum. Jón Margeir Sverrisson varð hetja Íslands, er hann vann til gullverðlauna á mótinu.



Jón Margeir Sverrisson vann til gullverðlauna á Ólympíumóti fatlaðra.



Luxembourg 2013

15. Smáþjóðaleikar Evrópu fara fram í Lúxemborg 27. maí til 1. júní 2013. Reiknað er með að tæplega 130 keppendur frá Íslandi taki þátt í leikunum og að um 200 manns í heildina verði í íslenska hópnum sem fer til Lúxemborg.

Að þessu sinni er keppt í 11 íþróttagreinum, þ.e. kjarnagreinum eins og frjálsíþróttum, sundi, júdó, skotíþróttum, borðtennis og tennis. Þá verða hópíþróttir að þessu sinni



körfuknattleikur, blak og strandblak og valgreinar gestgjafa eru hjólreiðar og fimleikar.

Undirbúningur er kominn vel áleiðis og stefna íslenskir þátttakendur á að ná góðum árangri í Lúxemborg og kynna þar land og þjóð, en leikarnir fara svo fram á Íslandi sumarið 2015.

Utrecht 2013



Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fer fram í Utrecht í Hollandi 13. til 20. júlí 2013. Reiknað er með að 23 keppendur frá Íslandi taki þátt í hátíðinni frá fimm íþróttagreinum, þ.e. frjálsíþróttum, fimleikum, júdó, tennis og sundi.



Nanjing 2014

Sumarólympíuleikar ungmenna fóru fyrst fram árið 2010 í Singapore. Nú er komið að næstu leikum og fara þeir fram í Nanjing í Kína sumarið 2014. Keppt er í íþróttagreinum þeirra Alþjóðasársambanda sem eru þátttakendur á hinum venjulegu Sumarólympíuleikum og eru þau 28 talsins fyrir Nanjing 2014. Sér sambönd ÍSí stefna mörg hver að því að eiga keppendur á leikunum og mun það koma í ljós á árinu 2013 og 2014 hve marga keppendur og í hvaða greinum Ísland nær inná þessa leika. Á leikunum keppa bestu ungmenni í heiminum á aldrinum 15-18 ára og er jafnframt lögð mikil áhersla á fræðslu og menningarþætti.



Ólympíusvæðið í Sochi.

Sochi 2014

Vetrarólympíuleikarnir 2014 fara fram í Sochi í Rússlandi dagana 7. til 23. febrúar. Keppt verður í 15 íþróttagreinum og eru það greinar á vegum sjö Alþjóðasársambanda. Ísland hefur á síðustu tveimur Vetrarleikum eingöngu keppt í alpagreinum



skíðaíþróttar, en búast má við að íslenski hópurinn á leikunum í Sochi verði samsettur úr fleiri íþróttagreinum. Rússar hafa staðið sig vel í undirbúningi og eru flest mannvirki tilbúin fyrir keppni.

Brasov 2013



11. Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Brasov í Rúmeníu dagana 16. – 23. febrúar 2013. Að þessu sinni voru íslenskir þátttakendur 13 keppendur úr þremur íþróttagreinum, þ.e. alpagreinum, skíðagöngu og listhlaupi á skautum, auk fararstjórnar og þjálfara, eða 20 talsins. Fánaberi á setningarhátíð var Ragnar Gamalíel Sigurgeirsson, keppandi í skíðagöngu og á lokahátíð Thelma Rut Jóhannsdóttir, keppandi í alpagreinum. Íslenskir keppendur stóðu sig misvel á hátíðinni, sumir náðu að bæta sinn árangur til muna, en aðrir áttu erfitt með að standa sig í keppni af þessari stærðargráðu.



Íslenski hópurinn í Brasov ásamt forseta og framkvæmdastjóra ÍSí.

Afreksstefnur sérsambanda

Flest öll sérsambönd ÍSÍ hafa haldið úti öflugum afreksstarfi á undanförunum árum, en mjög misjafnt hefur verið hvernig haldið er utan um starfið og hversu markvisst það er. ÍSÍ hefur lagt áherslu á að sérsambönd móti sér stefnu í málaflokknum og að þeirri mótun komi sem flestir þeir sem starfa að afreksmálum innan viðkomandi íþróttgreinar.

Á árinu 2012 var lögð áhersla á að afreksstefnur sérsambanda væru til umræðu á sérsambandsþingum og/eða formannafundum og væru þannig vel kynntar innan viðkomandi íþróttgreinar. Afreksstefnur sérsambanda eru fjölbreyttar en eiga að hafa það sameiginlegt að vera leiðarljós þess starfs sem er unnið hjá viðkomandi sérsambandi og þeim félögum sem koma að afreksstarfinu. Þannig á stefnan að leggja ramma að því starfi sem er unnið og skilgreina hver vinnur að hvaða þætti



Frá fundi með sérsamböndum ÍSÍ um afreksstefnur í janúar 2012.

og hvert markmiðið er með þeirri vinnu.

ÍSÍ hefur kallað eftir nýjstu útgáfum af stefnum sambandsaðila og fer reglulega yfir það starf sem er unnið. Áherslur á árinu 2013 munu fela í sér að efla fagteymisvinnu sambands-

aðila og móta sameiginleg markmið með þátttöku í ólympískum verkefnum. Árið eftir Sumarólympíuleika er yfirlétt það ár þar sem árangur undanfarinna ára er metinn og nýjar áherslur lagðar upp fyrir næstu misseri.

EOC-ráðstefna

Árlega heldur Evrópusamband Ólympíunefnda (EOC) fund eða ráðstefnu með fulltrúum Ólympíunefnda. Um er að ræða tvískipta dagskrá þar sem í einum hluta er fjallað um þá leika sem framundan eru, stöðu undirbúnings og hvernig Evrópa sem heimsálfa undirbýr sig og þá íþróttamenn sem taka þátt. Hinn hlutinn er svo upplýsingagjöf frá Ólympíusamhjálpinni varðandi styrki, verkefni, áherslur og uppgjör. EOC leggur áherslu á að þeir sem sækja þennan fund séu framkvæmdastjóri viðkomandi Ólympíunefndar og sá aðili sem sér um daglegan undirbúning fyrir leika og/eða samskipti sem snúa að Ólympíusamhjálpinni. Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ og Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hafa sótt þessar ráðstefnur undanfarin ár og má segja að mikilvægi þessa viðburðar sé mikið. Á ráðstefnum sem þessum er ótrúlegt magn upplýsinga sem komið er á framfæri við starfsfólk Ólympíunefnda og eins eru á einum stað helstu tengiliðir annarra þjóða, sem gefur möguleika á að styrkja enn frekar samvinnu og samskipti á milli Evrópuþjóða.



Líney R. Halldórsdóttir og Andri Stefánsson á EOC-ráðstefnu 2012.

Afreksstefna ÍSÍ

Á Íþróttabingi 2011 var fjallað um Afreksstefnu íþróttahreyfingarinnar og tók hún breytingum á þinginu. Skilgreind voru ítarleg markmið með stefnunni og leiðir að þeim markmiðum. Stjórn Afreks- og Ólympíu-sviðs ÍSÍ var þannig falið að vinna að ákveðnum þáttum og efla þannig afreksíþróttastarf hreyfingarinnar með markvissum hætti.

Haustið 2011 átti stjórn sviðsins fundi með fjölmörgum aðilum sem tengjast afreksstarfinu í víðara samhengi. Þannig var fundað með Íþróttasambandi fatlaðra vegna ferlamála fatlaðra og kallað eftir skilgreiningum frá sérsamböndum varðandi aðstöðumál. Í viðræðum við ríkisvaldið hefur verið komið inná skort á styrkjum til sérsambanda vegna æfinga og aðstöðumála vegna landsliða og eins hefur verið rætt innan íþróttahreyfingarinnar hvernig hægt er að efla aðgengi afreksíþróttafólks að mannvirkjum. Rætt hefur verið við ráðherra um sveigjanleika fyrir afreksíþróttafólk í námi gagnvart Lánasjóði íslenskra námsmanna og eins hefur verið fundað með ráðuneytinu og

